

SHALDOR  
skoðun 12



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is  
Híbyli og viðhald



Með bútasaumsbakteríu  
Saumaklúbbar Íslenska  
bútasaumsfélagsins snúast  
ekki um kaffi og kökur.  
allt 2



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

13. september 2010  
214. tölublað 10. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

## Ráðherrar segjast saklausir

Enginn fjögurra ráðherra sem þingmenn leggja til að verði ákærðir fyrir vanrækslu telur sig verðskulda að vera dreginn fyrir Landsdóm. Fyrirverandi forsætisráðherra segir ráðherra ekki hafa getað varnað hruninu.

**DÓMSMÁL** Meirihluti virðist vera á Alþingi fyrir því að ákæra þrjá fyrirverandi ráðherra fyrir vanrækslu í embættum sínum í aðdraganda bankahrunsins og Landsdómur verði kallaður saman til að fjalla um mál þeirra.

Þeir þrír sem meirihluti þingmannanefndar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis vill að verði ákærðir eru Geir H. Haarde, fyrirverandi forsætisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrirverandi utanríkisráðherra og Árni Mathiesen, fyrirverandi fjármálaráðherra.

Minnihluti nefndarinnar gerir tillögu um að Björgvin G. Sigurðsson, fyrirverandi viðskiptaráðherra, verði sömuleiðis dreg-

“Ég stend við þá sannfæringu mína að embættisfærsla mín sem forsætisráðherra hafi ekki valdið bankahruninu ...

GEIR H. HAARDE  
FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA

inn fyrir Landsdóm en ekki sýnist meirihluti fyrir þeirri tillögu á Alþingi.

Geir H. Haarde segist í yfirlýsingu í gær hafa orðið fyrir vonbrigðum með niðurstöðuna og telja hana ranga.

„Ég stend við þá sannfæringu mína að embættisfærsla mín sem

forsætisráðherra hafi ekki valdið bankahruninu og það hafi hvorki verið á mínu færi né annarra ráðherra að koma í veg fyrir það á árinu 2008 eins og málum var háttað.“

Í svari til þingmannanefndarinnar tekur Ingibjörg Sólrún í svipaðan streng.

„Verður heldur ankannalegt að telja að ég hafi haft einhverja vitneskju eða afl sem þurfti til að forða fjámálakerfinu frá falli,“ segir fyrirverandi utanríkisráðherra.

Árni M. Mathiesen segir í sínu svari til þingmannanefndarinnar ekki einfalt að henda reiður á því í hverju ásakani um vanrækslu sé fólgnar „öðru en því að stjórn-

völdum hafi mistekist ætlunarverk sitt.“

Björgvin G. Sigurðsson segir í sínu svari til þingmannanefndar að enginn geti „sýnt af sér vanrækslu með athafnaleysi með því að bregðast ekki við upplýsingum sem fram koma á fundum sem hann veit ekki af“. Hann kveðst nú ekki ætla að tjá sig frekar um málið fyrr en Alþingi hefur lokið umfjöllun sinni um það.

Stefanía Óskarsdóttir stjórn- málafræðingur dregur í efa að meirihluti sé fyrir því á Alþingi að ákæra ráðherrana. „Þetta getur líka algerlega snúist í höndunum á Alþingi, ég tala nú ekki um ef fólk- ið verður allt sýknað,“ segir Stef- anía.

- gar, - gb / sjá síður 4 til 8



### Öðruvísi nálgun

Margrét Eir hefur stofnað nýjan söng- og raddskóla.

tímamót 16

### Tískuvikurnar byrjaðar

Á tískuvikunni í New York kom í ljós að magabolir eru að komast aftur í tísku.

fólk 20




### Blikar aftur á toppinn

KR-ingar unnu í Eyjum í gær og Blikar nýttu sér það og komust á toppinn í Pepsi-deildinni.

Íþróttir 24

### veðrið í dag



**SKÚRIR VÍÐA** Í dag verða víðast suðvestan 5-10 m/s. Skúrir S- og V-til en annars úrkumulítið. Hiti 7-15 stig.

VEÐUR 4



**SVARTUR SJÓR** Friðrik Stefánsson og Snorri Jónsson, eigendur Rib-safari í Eyjum, sigldu ásamt Russell David Jackson og fleira fólk úr Eyjum að Landeyjahöfn á laugardag. Við blasti svartur sjór og dýpkunarskipið Perlan.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Unglingamynd í vinnslu:

### Kvikmynd um Skólahreysti

**FÓLK** Unglingakvikmynd þar sem Skólahreysti verður miðpunkturinn er nú í vinnslu. Ragnar Agnarsson mun leikstýra myndinni en Margrét Örnólfsdóttir hefur skilað inn fyrsta uppkasti að handriti. Kvikmyndin fjallar um ungan dreng sem lendir upp á kant við sitt nánasta umhverfi og er sendur í hálfgerða útlegð út á land. Þar kemst hann í kynni við hóp sem er sendur í Skólahreysti. „Ég hef aðeins rætt við aðstandendur Skólahreysti og þeir hafa sagt mér að þetta sé ekkert óalgengt, að krakkar sem finna sig ekki alveg í hefðbundnu skólasterfi blómstri í Skólahreysti,“ segir Margrét.

MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR

- fgg / sjá síðu 30

Dýpkun Landeyjahafnar mun taka lengri tíma en áætlað var vegna veðurs:

## Aska og sandur í innsiglingu

**SAMGÖNGUR** Ljóst er að dýpkun Landeyjahafnar mun taka lengri tíma en upphaflega var áætlað. Bæði er meiri sandur og öskuefni úr Eyjafjallajökli utan við mynni Landeyjahafnar en búist var við auk þess sem ölduhæð hamlar dýpkunarvinnu Perlunnar. Herjólfur mun sigla til Þorlákshafnar lengur en búist var við, í það minnsta alla næstu viku.

„Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum frá skipstjóra Perlunnar og veðurspá næstu daga

munu dýpkunarframkvæmdir ekki geta hafist af fullum krafti fyrr en veðrið skánar en spáin er slæm allt fram á föstudag,“ segir Ólafur William Hand, upplýsinga- fulltrúi hjá Eimskip, sem rekur Vestmannaeyjafærjuna Herjólf. „Ölduhæðin hefur verið vel yfir þeim mörkum sem menn telja óhætt að vinna í auk þess sem við erum að eiga við mun meiri sand og ösku en búist var við.“ Ólafur segir að ekki megi gleyma því að stutt sé liðið síðan miklar

náttúruhamfarir gengu yfir þetta svæði og ekki við öðru að búast en að það spili inn í. „Við finnum til með Vestmannaeyngingum en aðalatriðið er að við siglum til Eyja. Eyjafjallajökull truflaði flugsamgöngur milljóna manna um alla Evrópu og við reynum því ekki að barma okkur yfir að lenda í nokkurra daga vandamálum. Siglinga- stofa og vegagerðin gera sitt allra besta og þegar Perlan getur hafið störf að fullu ættu framkvæmdir að ganga fljótt fyrir sig.“

- jma



ovi NOKIA



Maps

# Styttu þér leið

- með fullkomnu leiðsögukerfi  
í Nokia farsímanum þínum!



Með **Ovi Maps** finnur þú stystu og bestu leiðina bæði hér heima og erlendis. Þú finnur líka áhugaverða staði, söfn, veitingahús, sundlaugar o.fl. í nágrenni við þig – og svo getur þú deilt staðsetningu þinni með skilaboðum í farsíma eða á Facebook. Komdu í næstu verslun Nova og náðu þér í **Ovi Maps** í völdum Nokia farsímanum.



**Nokia 6730**

**24.000 kr. símnotkun fylgir!**  
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.  
**Staðgreitt: 43.990 kr.**  
eða 0 kr. út og 3.990 kr. á mánuði í 12 mánuði.



ovi NOKIA Maps

oviMaps.is  
NOKIA

**Nokia 5230**

**12.000 kr. símnotkun fylgir!**  
1.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.  
**Staðgreitt: 29.990 kr.**  
eða 0 kr. út og 2.590 kr. á mánuði í 12 mánuði.

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

# SKÝRSLA ÞINGMANNANEFNDAR: Niðurstöður um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIRNS OG GEIR H. HAARDE Oddvitar ríkisstjórnarinnar sem fór með völd í aðdraganda bankahrunsins eru sekir um vanrækslu að sögn meirihluta þingmannanefndar sem telur líklegt að ráðherrarnir fyrrverandi verði sakfelldir í Landsdómi.

## Ráðherrar úr hruninu komi fyrir Landsdóm

Fulltrúar fjögurra flokka í þingmannanefnd vilja þrjá ráðherra ríkisstjórnar Geirs H. Haarde fyrir landsdóm vegna vanrækslu í starfi fyrir hrunið. Þrír flokka vilja bæta fjórða ráðherranum við. Sjálfstæðismenn vilja engar ákærur.

Meirihluti nýu manna þingmannanefndar telur að þrír ráðherrar í ríkisstjórn Geirs H. Haarde hafi sýnt af sér vanrækslu í starfi síðustu mánuðina fyrir hrun banka-anna í október.

Fulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna, Framsóknarflokks og Hreyfingarinnar telja að Geir H. Haarde forsætisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Árni Mathiesen fjármálaráðherra séu sek um vanrækslu. Þau beri að ákæra samkvæmt því og draga fyrir Landsdóm. Líklegt sé að þau verði sakfelld þar. Að auki vilja þrír síðastnefndu flokkarnir ákæra Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra.

Um ákæruatriðin segir meðal annars í þingsályktunartillögu Vinstri grænna, Framsóknarflokks og Hreyfingarinnar að ráðherrarnir fyrrverandi séu kærðir fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyld-



ARNI MATHIESEN BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

um sínum andspænis stórfelldri hættu sem vofað hafi yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði. Sérstaklega er nefnt sinnuleysi gagnvart því að tryggja að Icesave-reikningum Landsbankans yrði komið yfir í dótturfélag ytra.

Andstætt rannsóknarnefnd Alþingis telur meirihluti þingmannanefndarinnar að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi gerst sek um vanrækslu í starfi sem utanríkisráðherra. Í áður nefndri þingsályktunartillögu segir að

Ingibjörg Sólrún hafi verið 2008 haft „allar forsendur til að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að aðhafast“ og hún hafi brotið gegn stjórnarskránni með því að beita sér ekki fyrir því „að fyrirsjáanleg hættu fyrir heill íslenska ríkisins, sem sífellt óx, skuli ekki hafa verið rædd á ráðherrafundi“.

Tveir fulltrúar Samfylkingarinnar, flokkssystkin viðskiptaráðherrans fyrrverandi, segja að varðandi Björgvin verði að taka „tillit til þeirrar verkstjórnar og raunverulegrar verkaskiptingar sem var viðhöfð innan ríkisstjórnarinnar“ og „þeirra takmörkuðu upplýsinga“ sem fyrrverandi viðskiptaráðherra hafi búið yfir. Ekki sé hægt að fullyrða að athafnir eða athafnaleysi Björgvins falli undir vanrækslu í skilningi laganna.

Tveir fulltrúar Sjálfstæðisflokks í þingmannanefndinni vilja engan ákæra fyrir brot á lögum um ráðherraábyrgð.

gar@frettabladid.is

## Pingsályktun VG, Framsóknar og Hreyfingarinnar: Fjórir verði ákærðir

### Kæruatriði

Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir brot framin á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama ár, af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi.

A. Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákvæðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.

B. Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annaðhvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

C. Fyrir að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.

Fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.

D. Fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem stofnað var til á árinu 2006, væru markvissar og skiluðu tilætluðum

### árangri.

E. Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað formlega um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008,

eftir fund hans og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Forsætisráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda banka-anna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.

Samkvæmt þingsályktunartillögu VG, Framsóknarflokks og Hreyfingarinnar á að ákæra þau Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra, Árna Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra og Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra í meginatriðum fyrir sömu atriði og fyrrverandi forsætisráðherra, þó ekki lið D hér að ofan.

### Þingsályktun Samfylkingar

Efnisatriði þingsályktunartillögu Samfylkingar eru í samræmi við ofangreinda tillögu að því undanskildu að ekki er gerð tillaga um ákæru á hendur Björgvini G. Sigurðssyni.

**NÝTT!**  
NICOTINELL ICEMINT

Nicotinell

**20% AFSLÁTTUR**

Gildir í september

Apótekið lægra verð

- Hólagarði
- Spöng
- Hagkaup Skeifunni
- Hagkaup Akureyri

www.apotekid.is

**VEÐURSPÁ**

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**KÓLNANDI VEÐUR**  
Það eru horfur á allhvarsi norðan-átt á landinu á morgun með talsverðri rigninu norðanlands en sunnan heiða verður þurr og bjart með köflum. Hitinn lækkar heldur er líður á vikuna.

Á MORGUN Allhvasst eða hvasviðri.  
MIÐVIKUDAGUR Fremur stíf norðanátt.

**HEIMURINN**

Alicante	29°
Basel	19°
Berlín	19°
Billund	18°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	24°
London	19°
Mallorca	28°
New York	26°
Orlando	34°
Ósló	18°
París	21°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	17°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Tenerife og Kanarí

Vinsælar brottfarir  
að seljast upp!

## Flugsæti

Verð frá 77.500 kr\*  
og 15.000 Vildarpunktar

4. jan. Tenerife  
27. nóv. Kanarí

Innifalið: Flug fram og til baka  
með sköttum.

\*Verð án Vildarpunkta 87.500 kr.

## Flugáætlun

### Tenerife

7. okt. **uppselt**, 16. og 28. okt. **örfá sæti laus**  
13. og 27. nóv.  
11. des., 21. des. **uppselt**  
4. og 18. jan.  
1. feb. – 5. apr. vikulegt flug  
16. apr.

### Kanarí

30. okt. **örfá sæti laus**  
27. nóv.  
11. des., 21. des. **nokkur sæti laus**  
5. og 18. jan.  
1. feb. – 5. apr. vikulegt flug  
15. feb. **uppselt**  
1. mars **nokkur sæti laus**  
17. apr.

## Tenerife

## Nýtt hjá VITA

### Parque Santiago

Gott og eftirsótt íbúðahótel á allra besta stað við Playa de las Americas ströndina á Tenerife. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fjölskyldufólk og ungt fólk á öllum aldri unir sér í frábærum sundlaugargörðum við ströndina.

**13. nóv.-27. nóv.**

Verð frá 123.970 kr.\*  
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna og tvö börn (2-12) í íbúð.  
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 148.810 og 15.000 Vildarpunktar.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

\*Verð án Vildarpunkta 133.970 kr.

## Aðeins hjá VITA

### Las Camelias

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

**29. mars-5. apr.**

Verð frá 104.510 kr.\*  
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 3 fullorðna í íbúð.  
Verð á mann m.v. 2 í íbúð 111.650 og 15.000 Vildarpunktar.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

\*Verð án Vildarpunkta 114.510 kr.

## Kanarí



### Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitartilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.



VITA er í eigu Icelandair Group.

**ICELANDAIR**  
GROUP



VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

**vita**

VITA er lífið

## SKÝRSLA ÞINGMANNANEFNDAR: Niðurstöður um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis

Héraðsdómari segir framhaldið liggja ljóst fyrir:

### Dómurinn ekki bundinn við refsikröfur saksóknara

„Framkvæmdin á að vera nokkuð augljós af löggjöfinni, fari svo að þingið ákveði að kalla saman Landsdóm,“ segir Ásmundur Helgason héraðsdómari, sem áður starfaði sem lögfræðingur á Alþingi. „Þingið þarf að kjósa sérstakan saksóknara, sem mun reka málið áfram. Þingið kys líka nefnd þingmanna sem verður saksóknara til stuðnings. Þegar Landsdómur kemur síðan saman verður málið rekið með svipuðum hætti og hvert annað dómsmál.“

Samkvæmt lögum um Landsdóm kemur það í hlut saksóknarans að útbúa ákæruskjal, sem byggt verður á ályktun þingsins. „Ákærður verður aðeins dæmdur fyrir þær sakir, sem tilgreindar



ÁSMUNDUR HELGASON

eru í ályktun Alþingis,“ segir í lögum. „Hins vegar er dómurinn ekki bundinn við refsikröfur saksóknara.“

Nokkur umræða hefur orðið um það að hin ákærðu hafi ekki notið réttarstöðu sakbornings áður en ákæra er lögð fram. Ásmundur segir lögin um Landsdóm hins vegar ekki gera neina kröfu

um það. „Það fer af stað sjálfstæð rannsókn fyrir Landsdómi þar sem leiða á í ljós hvort þau sem eru ákærð eru sek. Það hefði vel verið hægt að ímynda sér þessa atburðarás þannig að einhver þingmaður hafi lagt fram þingsályktunartillögu um að fara af stað með ákæru án þess að nokkur rannsókn hafi farið fram.“ - gb

Áfall að sjá nafn sitt nefnt í sömu andrá og Landsdómur, segir Geir H. Haarde:

### Geir segir niðurstöðuna ranga

Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, telur að niðurstaða meirihluta þingmannanefndarinnar um ákæru á hendur fyrrverandi ráðherra sé röng. Þetta segir hann í yfirlýsingu sem send var fjölmiðlum í gær.

Hann lýsir vonbrigðum með niðurstöðuna og að það sé áfall fyrir sig að nafn hans sé nefnt í sömu andrá og Landsdómur. Það hefði hann aldrei getað ímyndað sér að myndi gerast. Verði hann ákærður verði það þungbær reynsla en hann óttist það þó ekki enda



GEIR H. HAARDE  
FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA

Ábyrgð þingmanna er mikil þegar kemur að því að beita ákæruvaldi í fyrsta sinn í sögunni.

telur hann sig vera með hreinan skjöld.

Geir segist standa við þá sannfæringu sína að embættisfærsla hans sem forsætisráðherra hafi ekki valdið bankahruninu og það hafi hvorki verið á færi hans né annarra ráðherra að koma í

veg fyrir það á árinu 2008. „Heldur ekki þeirra tveggja áhrifamiklu ráðherra, sem sátu í minni ríkisstjórn, og sitja í ædstu valdastólum í núverandi ríkisstjórn, en hafa af einhverjum ástæðum verið undanþegnir umfjöllun þingmannanefndarinnar,“ segir Geir. Þar vísar hann til Jóhanna Sigurðardóttur og Össurar Skarphéðinssonar.

Geir segir að það verði mikill áfelliðómur yfir störfum þingmannanefndarinnar ef sakborningar verði dregnir fyrir dóm og síðan sýknaðir. „Ábyrgð þingmanna er mikil þegar kemur að því að beita ákæruvaldi í fyrsta sinn í sögunni, eins og nú hefur verið lagt til.“

Hann segist ekki munu tjá sig meira fyrr en í dómsal ef til þess kemur. - sh

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segist sjálf hafa verið leynd upplýsingum:

### Hélt Björgvini upplýstum

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, segist í svari sínu til þingmannanefndarinnar hafa haldið viðskiptaráðherra upplýstum um það sem máli skipti í aðdraganda hrunsins. Sjálf hafi hún hins vegar verið leynd upplýsingum.

Ingibjörg segist ekki gera nein- ar athugasemdir við niðurstöður skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem gefi rétta og raunsanna mynd af aðdraganda hrunsins. Hún gleðst yfir því að nefndin telji hana ekki hafa gerst seka um vanrækslu. Þó hafi hún aðra sýn en nefndarmenn á tiltekin atriði. Hún fullyrðir að þau Geir Haarde hafi lagt áherslu á að

starfa í samræmi við þau valdmörk og verkskiptingu sem kveðið er á um í lögum. Það hafi verið á ábyrgð forsætisráðherra að viðskiptaráðherra skyldi ekki vera boðaður á tiltekna fundi, en hún hafi þó haldið honum upplýstum eins og hún gat.

Þá hafi henni orðið það ljóst við lestur rannsóknarskýrslunnar að ýmsum mikilvægum upplýsingum um stöðu fjár-

málakerfisins hafi verið haldið frá henni.

Komið hafi í ljós að fjármálakerfið var ekki aðeins ósjálfbært heldur hafi eigendur og stjórnendur bankanna brotið alvarlega af sér og það hafi farið fram hjá öllum. „Þegar mál eru skoðuð í því ljósi verður heldur ankanna- legt að telja að ég hafi haft einhverja þá vitneskju eða afl sem þurfti til að forða fjármálakerfinu frá falli.“



- sh

Björgvin G. Sigurðsson hafnar vanrækslu en segist þó ekki fullkominn:

### Haldið utan við atburðarásina

Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, hafnar því alfarið að hafa gerst sekur um vanrækslu í starfi sínu. Hann segist þó taka slíkar ásakanir mjög alvarlega og eigi erfitt með að lifa með þeim.

Þetta kemur fram í svörum Björgvins við fyrirsprungnum þingmannanefndarinnar. Hann



Mér voru áreiðanlega mislagðar hendur í ýmsu.

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON  
FYRRVERANDI VIÐSKIPTARÁÐHERRA

hyggst ekki tjá sig frekar um málið fyrr en Alþingi hefur lokið afgreiðslu málsins.

„Mér voru áreiðanlega mislagðar hendur í ýmsu,“ segir Björgvin í svari sínu. „Enginn er fullkominn og það gildir ekki síður um mig en aðra. En í erfðri stöðu lagði ég fram eins og ég gat best.“

Hins vegar segir hann að svo virðist sem honum hafi beinlínis verið haldið utan við formlega ráðherrafundi þar sem fjallað var um efnahagsmálefni. Það stafi hugsanlega af vinnuþefi í samsteypu- stjórnun. „Hitt er deginum ljós- ara að þetta vinnulag, sem hvergi er skráð formlega í stjórnskipan landsins, hefur sett á herðar mér ábyrgð vegna atburðarásar sem ég var þó samhlíða sviptur rétti til að taka þátt í,“ segir Björgvin. „Það hlýtur að vera óumdeilt að enginn getur tekið afstöðu til upplýsinga sem hann hefur ekki undir höndum. Og enginn getur sýnt af sér vanrækslu með athafnaleysi með því að bregðast ekki við upplýsingum sem fram koma á fundum sem hann veit ekki af.“ - sh

Árni M. Mathiesen segir stjórnvöldum bara hafa mistekist ætlunarverk sitt:

### Ásakanir um vanrækslu fá ekki staðist

„Það er ekki alveg einfalt að henda reið- ur á því í hverju ásakanir um vanrækslu eru fólgnar öðru en því að stjórnvöldum mistókst ætlunarverk sitt,“ segir Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráð- herra, í svari sínu til þingmannanefndarinnar.

Árni gagnrýnir rannsóknarnefnd Alþingis fyrir að hafa dregið ályktan- ir um þátt stjórnvalda í hrúninu út frá upplýsingum sem nefndin aflaði sér eftir hrú, en hefðu aldrei verið á vitorði þeirra sem sakaðir eru um vanrækslu þegar mikilvægar ákvarðanir voru

teknar á sínum tíma. Vegna þessa sé grundvöllur sumra ályktana nefndarinnar brostinn. Árni fer jafnframt yfir valdsvið fjármálaráðherra og telur að flest það sem hann er gagnrýndur fyrir að hafa ekki gert hafi verið utan þess valdsviðs. Þeir gallar á skýrslunni „leiði til þess að ásakanir um vanrækslu séu á svo veikum grunni byggðar að þær fái ekki staðist.“



- sh

**SIEMENS**

**Tæki færi**

**í september**

Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup. Skoðuðu tilboðin á heimasíðu okkar, [www.sminor.is](http://www.sminor.is)

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

**Fjárfestingarstefna Framtakssjóðs Íslands**

**Hvernig eiga lífeyrissjóðirnir að koma að uppbyggingu atvinnulífsins?**

SVP boðar til opins morgunverðarfundar **fimmtudaginn 16. september kl. 8:30** í Gullteig B, Grand Hótel Reykjavík.

**Frummælendur verða:**

- Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands
- Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express
- Hallbjörn Karlsson, fjárfestir

Að loknum framsögum verður opið fyrir fyrirspurnir og umræður.

Fundarstjóri: Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVP.

Þátttökugjald kr. 2.000, morgunverður innifalinn.

Skráning: [svth@svth.is](mailto:svth@svth.is) eða í síma 511 3000.

**SVP**  
Samtök verslunar og þjónustu



**Ódýrt!**

**789** kr. kg

Fiskibollar og fiskborgarar, forsteikt

**Ódýrt!**

**898** kr. kg

Kjúklingasnitset í raspi

**Ódýrt!**

**398** kr. kg

Ódýrt kjötfars

## HAGKVÆMT OG GOTT FYRIR HEIMILIÐ

**189** kr. stk.

Flóridana Virkni, Einbeiting og Yerba Mate, 330 ml

**189** kr. stk. **1** lítri

Heimilisjógúrt, jarðarberja, karamellu og fersku, 1 l

**195** kr. pk.

Jamie Oliver penne, 500 g

**188** kr. pk.

Jamie Oliver spaghetti, 500 g

**179** kr. pk.

Kronubrauð, stórt og gróft

**399** kr. pk.

Kexsmíðjan, kanilsnúðar, 320 g

**299** kr. pk.

Knorr pakkasúpur, tómatar, aspás og blómkaál

**299** kr. stk.

Rinaldi pastasósa, 2 teg.





# Eitt verð - fyrir klárar konur

Má bjóða þér aðgang að öllum tímum, jafnt opnum sem lokuðum námskeiðum?  
Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590\* kr. á mánuði  
og hefur aðgang að öllu þessu með þátttöku í KK klúbbnum.  
Klárar konur sjá hvaða leið er hagstæðust.

Í Baðhúsinu borgar þú aðeins 5.590\* kr. á mánuði  
og færð aðgang í alla opna og LOKAÐA tíma.

Hot jóga - **innifalið**  
Heilsuátak - **innifalið**  
Aðhaldsnámskeið - **innifalið**  
Tabata - **innifalið**  
Afró - **innifalið**  
Magadans - **innifalið**  
Bollywood - **innifalið**  
Les Mills tímar - **innifalið**  
Salsa - **innifalið**  
Flamenco - **innifalið**  
Tæbox - **innifalið**  
o.mfl.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug,  
vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri.

Baðhúsið - fyrir klárar konur  
Vertu velkomin.



Nánari upplýsingar á [www.badhusid.is/kk](http://www.badhusid.is/kk)

**Komdu strax í klúbbinn, fyrsta greiðsla kemur ekki fyrr en í október!**  
Kynntu þér úrval tíma í stundaskrá á [www.badhusid.is](http://www.badhusid.is)

5.590\* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 3 leiðir, Skólaáskrift, Grunnáskrift og Eðaláskrift. Frír aðgangur að lokuðum tímum fylgir Grunn- og Eðaláskrift.



BADHÚSIÐ

[www.badhusid.is](http://www.badhusid.is)  
Sími 515-1900



1. Hvað gáfu Húsfreyjur í Vatnsnesi fjallskilastjórninni á staðnum í 45 eintökum?
2. Hvert er meginþemað í nýju málræktaráttaki Mjólkursamsöluunnar?
3. Hvaða ástsæla sögupersóna snýr aftur í nóvember í fjór-tánda skáldsögu höfundar?

SVÖRIN ERU Á Síðu 30

Erlendir kröfuhafar Straums stefna á að opna fjárfestingarbanka hér fljótlega:

## Kröfuhafar fá um helming upp í kröfur

**VIÐSKIPTI** Kröfuhafar Straums hafa eignast bankann að fullu. Stefnt er á að innan mánaðar fari skilanevnd hans frá og völd slitastjórnar takmarkist. Fjármálaeftirlitið tók Straum yfir í mars í fyrra.

Helstu kröfuhafar eru bandarísku fjárfestingarfélagin Davidson Kempner og Värde Partners auk austurríska bankans Raiffeisen Zentralbank Österreich. Áreiðanlegar heimildir eru fyrir ánægju í röðum kröfuhafa með fyrirkomulagið og horfi þeir til þess að taka yfir þrotabú Glitnis og Kaupþings með svipuðum hætti. Nýir eigendur Straums hafa boðað til hluthafafundar 5. október næstkomandi og verður þar kosin ný stjórn auk stjórnar fyrir fjárfestingarbanka, sem rekinn verður sem

dótturfélag og mun sýsla með eignir Straums. Kröfuhafar álíta að með þessum hætti fái þeir 47 prósent upp í kröfur. Gangi það eftir fá þeir niúttíu milljarða króna til baka af kröfum sínum. Áætlað er að fjárfestingarbankinn hefji almennan rekstur innan árs.

Hjá Straumi starfa 45 í dag; 25 hér en 20 í London og Kaupmannahöfn. Eignir bankans nema 1,3 milljörðum evra, jafnvirði tvö hundruð milljarða króna. Mest eru þetta erlendar eignir sem stýrt er utan landsteina.

- jab

**FALL OG BJÖRGÓLFUR THOR** William Fall, var síðasti forstjóri Straums áður en FME tók bankann yfir. Björgólfur Thor Björgólfsson var stjórnarformaður hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Tyrkir greiða atkvæði:

## Ný stjórnarskrá var samþykkt

**TYRKLAND, AP** Tyrkir samþykktu breytta stjórnarskrá í þjóðar-atkvæðagreiðslu í gær.

Um 58 prósent kjósenda samþykktu breytingarnar. Stjórnin segir breytingarnar mikilvægar fyrir lýðræðisþróun í Tyrklandi, en stjórnarandstæðingar óttast að dregið verði úr sjálfstæði dómstóla. Dómstólar í Tyrklandi hafa staðið vörð um veraldlega skipan landsins, en nú fær þingið að hlutast til um skipun dómara í embætti.

- gb

Nýtt kerfi Strætó bs. komið í fjörutíu vagna:

## GPS-tæki í strætó

**SAMGÖNGUR** Endurbætur á upplýsingakerfi strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu standa nú yfir og er grunnbúnaður nú þegar kominn í um fjörutíu bifreiðar. Brátt munu allir vagnar verða útbúnir GPS-tæki sem sendir upplýsingar um staðsetningu vagnsins, hraða og akstursstefnu til stjórnstöðvar.

Nýja kerfið felur í sér að nafn næstu biðstöðvar er sjálfkrafa kynnt í hátalarakerfi vagnsins, eins og þekktist víða erlendis. Fljótlega munu bætast við upplýsingaskjái sem veita upplýsingar um næstu

biðstöðvar, birta tilkynningar og fleira.

„Þessi innleiðing er mikilvægt skref fyrir Strætó bs.“ segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. „Með nýja kerfinu komum við til móts við óskir farþega um aukna þjónustu auk þess sem við fáum mun betri yfirsýn en áður yfir strætisvagnaflokkinn sem skiptir miklu máli, bæði við daglegan rekstur og alla áætlanagerð.“

Til stendur að gera farþegum kleift að borga einstök fargjöld með greiðslukorti.

- sv



**ENDURBYGGÐ ÞORLÁKSBUÐ** Tölvuteikning af endanlegu útliti Þorláksbúðar sem nú rís við Skálholtskirkju.

## Þorláksbúð tekin í gagnnið næsta sumar

Hópur áhugamanna stendur að endurbyggingu Þorláksbúðar við Skálholt. Hún er kennd við Þorlák helga, verndardýrling Íslands. Verður nýtt sem skrudhús og fyrir menningaruppákomur er byggingu lýkur.

**MENNING** Endurbygging Þorláksbúðar við Skálholtskirkju er nú í fullum gangi og verður lokið fyrir næsta sumar ef áætlanir ganga eftir. Þorláksbúðarfélagið, félag áhugamanna um endurbygginguna, hefur lengi haft þetta að markmiði, en nú er verkefnið komið á fullt og hleðslu veggja nærri lokið.

Búðin er kennd við Þorlák helga Þórhallson, verndardýrling Íslands, sem var biskup í Skálholti undir lok 12. aldar, en óvíst er hvenær hún var fyrst byggð.

Árni Johnsen alþingismaður er meðal þeirra sem hafa unnið að málinu og segir í samtali við Fréttablaðið að Þorláksbúð hafi fylgt Skálholti í gegnum aldirnar.

„Nema síðustu hundrað árin hefur hún verið rúst. Hún var ýmist notuð sem skrudhús, geymsla, kirkja eða dómkirkja þegar stóru kirkjurnar brunnu.“

Veggir búðarinnar eru hlaðnir í streng, eins og það er kallað, þar sem torf er lagt milli grjótlaga. Yfirumsjón með hleðslunni hefur Víglundur Kristjánsson hleðslumeistari. Byggingin er fjármögnuð með frjálsam framlögum fyrirtækja og opinberu fé og segir Árni að ef söfnun muni ganga vel sé raunhæft að Þorláksbúð verði

komin í gagnnið næsta sumar.

Byggingin verður um 35 fermetrar að flatarmáli þegar hún er fullbúin og mun þá væntanlega hýsa bæði kirkjulegar athafnir sem og menningaruppákomur.

Sigurður Sigurðarson, vígslubiskup í Skálholti, er einnig í hópi aðstandenda verkefnisins og segir við Fréttablaðið að með þessu sé gamall draumur að rætast.

„Mig hefur lengi dreymt um endurreisn þessarar búðar,“ segir Sigurður og bætir því við að Þorláksbúð muni opna sýn manna inn í fortíðina og verði einnig gagnýt fyrir starfsemi kirkjunnar.

„Það er ekki neitt nothæft skrudhús við Skálholtskirkju og búðin verður örugglega notuð þannig. En hún mun einnig minna almennt á sögu Skálholts og forna íslenska byggingargerðarlist, því allar byggingar hérna í Skálholti eru alveg nýjar og minna lítið á fyrri tíma.“

Hleðsla útveggjanna hvílir að hluta til á gömlu tóftunum sem eru norðaustan við Skálholtskirkju. Standa þær nokkuð inn af nýju veggjunum og munu gestir Þorláksbúðar því geta setið á þeim líkt og bekkjum.

thorgils@frettabladid.is

Better than BI – Smarter than spreadsheets



## FRUMSÝNING Á ÍSLANDI

Fimmtudaginn 16. september kl. 8.40-11 á Hótel Loftleiðum.

Komdu og kynntu þér hvernig Spotfire beitir nýjustu tækni í greiningarlausnum til að ...

... stórauka möguleika notenda til að nálgast sjálfir tafarlaust þau gögn sem þeir þurfa og greina þau að vild með einföldum hætti

... setja upplýsingar fram á frábærlega skýran og lifandi hátt með lágmarksfyrirhöfn

... stytta innleiðingartíma greiningarlausna úr mörgum vikum í nokkrar klukkustundir

Spotfire hugbúnaðurinn tilheyrir nýrri kynslóð stjórnendalausna, svonefndum "in-memory analytics" lausnum. Styrkur Spotfire liggur í því að í stað flókinna útfærslna í miðlægum gagnavörðum er flokkunar- og reiknivirknin flutt til notendanna sjálfrá.

Kostnaður við innleiðingu og viðhald slíkra lausna er allt að sexfalt lægri en ef um hefðbundnar teningalausnir er að ræða. Notagildið er mikið þar sem stjórnendur geta á einfaldan hátt sett upp eigin mælaborð, skýrslur og greiningar án aðkomu hugbúnaðarsérfræðinga.

Kynningin stendur frá kl 9.00 til 11.00, en boðið er upp á morgunverð frá kl. 8.40.

Sérfræðingar frá Spotfire, Arjen Bruggemann og Tomi Syrja, kynna Spotfire greiningarlausnirnar. Sýnd verða dæmi um notkun lausnanna og að lokum verða umræður.

Frekari upplýsingar og skráning á [www.sjonarrond.is](http://www.sjonarrond.is)

Ath. takmarkaður sætafjöldi.

SJÓNARRÖND

## LAXÁ Á REFASVEIT

Eigum laus holl eftir 19. september.

Upplýsingar veitir Stefán í síma 898-3440.

Bilunin í álveri Norðuráls:

## Skammhlaup í háspennubúnaði

**STÓRIÐJA** Varnarbúnaður brást við með eðlilegum hætti og aftengdi álver Norðuráls frá raforkukerfinu þegar bilun varð í háspennubúnaði álversins fimmtudaginn 9. september,“ segir í tilkynningu frá Landsneti vegna bilunar sem olli skammhlaupi um mest allt land.

Landsnet hefur að því er fram kemur í tilkynningunni þegar gert ráðstafanir til að reyna að koma í veg fyrir að slíkar truflanir valdi almennum notendum vandræðum í framtíðinni.

Þekktir Írakar leiddir í gildru hver af öðrum í óvenjulegum sjónvarpsþætti:

## Þóttust finna sprengju í bíl frægra manna

**ÍRAK** Í föstumánuðinum ramadan var sýndur í írösku sjónvarpi grínþáttur með falinni myndavél, þar sem gamanið varð harla grátt. Frá þessu er skýrt á vefsíðu þýska tímaritsins Spiegel.

Þekktir Írakar voru leiddir í gildru hver af öðrum. Þeim var boðið að koma fram í umræðuþætti, en á leiðinni þurftu þeir eins og gengur að fara í gegnum nokkrar eftirlitsstöðvar.

Ein þeirra var hins vegar ekki alvöru. Þar tóku á móti þeim tugir leikara, klæddir að hermannaí, sem þóttust finna sprengju í bifreið frægu mannanna.

Upphófust þá mikil óskur plathermannanna: „Þú ert hryðjuverkamaður,“ hrópuðu

þeir, og „Hvers vegna viltu sprengja okkur í loft upp?“

Fórnlömb spaugaranna urðu æ örvæntingarfyllri eftir því sem óskrin urðu háværari, og flestir enduðu í handjárnnum liggjandi á götunni.

Allt var þetta svo sýnt í sjónvarpinu, landsmönnum til skemmtunar.

„Til Bucca með hann“ heitir þátturinn, en Bucca var alræmt fangelsi sem Bandaríkja-her starfrækti í landinu til ársins 2009. - gb



**FYLGST MEÐ SJÓNVARPINU** Kímnigáfa Íraka á það greinilega til að verða nokkuð grimm.

NORDICPHOTOS/AFP

Tveir aðstoðarmenn ráðnir:

## Halla og Einar til Ögmundar

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson hefur ráðið sér tvo aðstoðarmenn, einn fyrir hvort ráðuneytið sem



HALLA GUNNARSDÓTTIR

hann er nú yfir.

Halla Gunnarsdóttir hefur verið ráðin aðstoðarmaður hans í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu. Halla var áður aðstoðarmaður hans í heilbrigðisráðuneytinu. Hún er menntaður kennari og var áður blaðamaður á Morgunblaðinu.



EINAR ÁRNASON

Einar Árnason hefur

verið ráðinn til aðstoðar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Einar er hagfræðingur og hefur meðal annars starfað fyrir Þjóðhagsstofnun, Landssamband eldri borgara og BSRB. - sh



**LARS LØKKE RASMUSSEN** Danski forsætisráðherra telur velferðarkerfið í hættu aukist hagvöxtur ekki í landinu.

Svartar horfur í Danmörku:

## Velferðarkerfið sagt í hættu

**DANMÖRK** Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra og Brian Mikkelsen, atvinnu- og efnahagsráðherra Danmerkur, segja danska velferðarkerfið í hættu ef ekki tekst að skapa hagvöxt svo um munar næstu misserin.

Þetta sögðu þeir eftir fund með hagvaxtarráði Danmerkur, þar sem sérfræðingar í efnahagsmálum drógu upp dökka mynd af framtíðarhorfunum.

„Við framleiðum einfaldlega of lítil verðmæti, þegar við vinnum. Samt erum við með ein hæstu laun í heimi,“ er haft eftir Lars Nørby Jensen, formanni ráðsins, á vefsíðu danska blaðsins Politiken. - gb

### LÖGREGLUFRÉTTIR

#### Eldur í vörubíl

Dælubíll frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins var sendur að Norðlingaskóla í Norðlingaholti í gærdeg eftir að tilkynnt var um eld í vörubíl við skólann. Svo virðist sem kveikt hafi verið í rusli og öðru lauslegu sem stafað var fyrir framan bílinn. Að lokum barst eldurinn í vörubílinn en það tók slökkviliðsmenn skamma stund að slökkva eldinn. Bíllinn er talsvert skemmdur.



landsbankinn.is/fjarhagur  
Blogg og hljóðpistlar um fjármál.

# Námskeið um réttindi lífeyrisþega

Landsbankinn kynnir röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið þeirra er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin.

Á næstu fjármálakvöldum verður farið yfir helstu breytingar sem gerðar voru á réttindum og greiðslum lífeyrisþega frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 2009. Starfsfólk á Réttindasviði TR kynnir breytingarnar og svarar fyrirspurnum ásamt sérfræðingum bankans.

#### Næstu námskeið

**23. september kl. 20**  
Útibúið í Grafarholti, Vínlandsleið

**30. september kl. 20**  
Útibúið í Keflavík, Hafnargötu 57

**7. október kl. 20**  
Félagsmiðstöðin Hlymsdalir  
Miðvangi 6, Egilsstöðum

**Skráning og nánari upplýsingar á landsbankinn.is og í síma 410 4000.**

Allir velkomnir.



FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000

 Landsbankinn



# Heiður þeim sem heiður ber

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Draga má saman málsvörn bankamannanna sem settu Ísland á hausinn í tvær setningar: „Ég var ekki stöðvaður“ og „það var ekki passað upp á mig.“

Þeir eru eins og maður sem ekur á ofsahraða og drepur mann og segir svo: Þetta var lögreglunni að kenna, hún átti að stöðva mig. Jafnvel: þetta var vegagerðinni að kenna, þessir vegir eru ekki gerðir fyrir svona hraðakstur.

En þetta er þeim að kenna. Ábyrgð á glæpum liggur hjá þeim sem fremja þá. Líka hjá þeim sem hvetja til þeirra, gera þá mögulega, koma ekki í veg fyrir þá, en fyrst og fremst hjá glæpamönnum.

Sem stendur hefur varla nokkur sætt ákæru vegna Hrunmála nema nú mótmælendur sem lentu í stimpingum við þingverði á Alþingi.

En nú á að leiða fram nýja syndahafta. Það eru þrír eða fjórir ráðherrar í ríkisstjórn Geirs Haarde sem mistókst að afstýra bankahruni haustið 2008. Ekki þarf að hafa mörg orð um ábyrgð þeirra; þau brugðust of seint og illa við viðvörðunum vegna trúgirnna, ranghugmynda, þjóðblindu, vonleysis eða lítilþægni gagnvart auðmönnum sem á þessum tíma stjórnðu landinu. Kannski voru þau „bjartsýnisafglapar“ eins og Sigfús Daðason orðaði það um þá íslensku hugmynd að hlutir reddist. Þetta fólk brást kjósendum sínum og sjálfu sér, eins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir orðaði það sjálf þegar hún kvaddi Samfylkinguna og stjórn málin og gekkst við ábyrgð sinni á sínum tíma. Þetta fólk á ekki afturkvæmt í stjórn máli, sem er í sjálfu sér grimm refsing fyrir fólk sem notið hefur mikils trúnaðar.

## Fenrisúlfr group

Vera má að ástæða sé til að draga þau fyrir Landsdóm. Og vera má að sakir fyrnist. En samt...

Árni Mathiesen verður dreginn fyrir Landsdóm en ekki Finnur Ingólfsson. Björgvin G. Sigurðsson á að mæta fyrir dómi en ekki Valgerður Sverrisdóttir. Geir Haarde er kvaddur fyrir dóm en ekki Halldór Ásgeirsson. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skal ákærð af Alþingi en ekki Davíð Oddsson.

Davíð er núna ritstjóri Morgunblaðsins. Halldór Ásgrímsson gegnir trúnaðarstörfum í nafni þjóðarinnar erlendis. Valgerður Sverrisdóttir situr í sæmd sinni. Finnur Ingólfsson heldur milljörðunum sem hann hafði upp úr kرافsinu. Þetta er fólk sem seldi þjóðbankana.

Í einhverjum hrossakaupum við Framsókn telur Atlafnd ekki ástæðu til að rannsaka frekar þá einkavæðingu. En þar liggja

hins vegar rætur ófarnaðarins. Við einkavæðingu bankanna voru leyst úr læðingi þau öfl sem komu Íslandi á hausinn. Fyrrgreint fólk sem situr í náðum seldi fjöregg þjóðarinnar í hendur viðskiptafé-

herinn sem kvittaði upp á og orti excel-skáldskapinn er sem sagt enn að störfum. Lögfræðingarnir sem hjálpuðu við að fela slóðirnar eru enn að störfum. Viðskiptafræðingarnir sem bjuggu til



Vera má að ástæða sé til að draga þau fyrir Landsdóm. Og vera má að sakir fyrnist. En samt...

lögum Miðgarðsormi og Fenrisúlfr group.

## Enn að störfum

Samfylkingin – Ingibjörg Sólrún og þau hin – var í þessu dæmi öllu svolítið eins og manneskja sem send er til að stöðva brjáláð partí á efstu hæðinni en er boðið inn og sogað smám saman inn í fjörið, og fyrr en varir farin að dansa uppá borði og og góla með.

En ósýnilegi endurskoðenda-

svindlfléttur eru enn að störfum. Hugmyndafræðingarnir sem gerðu peningatrú að ríkjandi hugmyndafræði samfélagsins eru enn að störfum. Háskólakennararnir sem framleiddu hugmyndalegu réttlætningarnar fyrir útrásinni sem eru enn að störfum. Útrásarvíkingarnir ganga lausir.

Hrunið varð ekki bara vegna þess að Geir Haarde sé svo mikill sauður. Heiður þeim sem heiður ber.

## Viðarparket

Verð frá 4.990,- pr m<sup>2</sup>  
Eik Naturmatt 3-stafa,  
lakkad og smellt,  
Framleiðsluland:  
Þýskaland



# ÚTSALA

## Plastparket

Verð frá 895,- pr m<sup>2</sup>  
Hlynur Classic, smellt,  
Framleiðsluland:  
Þýskaland



## HARÐVIÐARVAL

Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is

# skattur.is

Til forráðamanna hlutafélaga, einkahlutafélaga og annarra skattskyldra lögaðila um skil á skattframtali 2010

# Framtalsfrestur félaga er liðinn

Minnt er á að fyrri hluta október fer fram álagning opinberra gjalda lögaðila 2010 vegna rekstrarársins 2009.

Þrátt fyrir að framtalsfrestur sé runninn út eru þau félög sem enn eiga eftir að skila skattframtali 2010 ásamt ársreikningi hvött til að gera það hið allra fyrsta.

Bent skal á að skattframtali skal alltaf skila, jafnvel þó að engin eiginleg atvinnustarfsemi eða rekstur hafi verið til staðar hjá félaginu á árinu 2009.

Minnt er á að félög skulu jafnframt skila ársreikningi til Ársreikningaskrár.

Hægt er að skila skattframtali og ársreikningi rafrænt á [www.skattur.is](http://www.skattur.is).



RÍKISSKATTSTJÓRI

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnröð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# VIÐ ERUM FLUTT Á HÖFÐATORG

Olís hefur flutt höfuðstöðvar sínar í turninn á Höfðatorgi, 6. hæð.





## TUPAC SHAKUR (1971-1996) LÉST ÞENNAN DAG.

„Raunveruleikinn er skældur. Draumar gefa réttari mynd.“



Elsku drengurinn okkar, bróðir, barnbarn og frændi,

### Guðmundur Þór

#### Sigurðsson

Smárarima 75

lést mánudaginn 6. september 2010. Jarðarförin verður gerð frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 14. september kl. 14.00.

Halldóra Kristín Halldórsdóttir  
Sigurður Brynjar Guðmundsson

Jón Valdimar Sigurðsson Þorbjörg Birgisdóttir  
Halldór Brynjar Sigurðsson Thelma Björk Bogadóttir  
Kristinn Freyr Sigurðsson Kristín Eva Ólafsdóttir  
Unnur Jónsdóttir Halldór H. R. Friðjónsson  
Arnar Freyr, Alexander Þór, Kristín Björk og frændsystkini.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

### Þórunn Gestsdóttir

verður jarðsöngin mánudaginn 13. september kl. 15.00 frá Bústaðakirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst Þórunnar er bent á Minningarsjóð FAAS (Félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklunga) sem hægt er að nálgast á [alzheimers.is](http://alzheimers.is) eða í síma 533-1088.

Elíza Guðmundsdóttir

Ari Guðmundsson  
Gestur Ben Guðmundsson  
Ingi Þór Guðmundsson  
Hjördís Guðmundsdóttir  
Eyjólfur Andri Arason  
Viktor Ben Gestsson  
Einar Ben Gestsson  
Þórunn Hekla Ingadóttir  
Aron Snær Ingason  
Ísak Nói Ingason  
Elísa Gígja Ómarsdóttir  
Inga Lilja Ómarsdóttir

Jóhanna Jóhannsdóttir

Rannveig Haraldsdóttir  
Ómar Karl Jóhannesson



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýðug og stuðning við andlát móður okkar,

### Guðbjargar Sveinsdóttir

Ljósheimum, Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Ljósheima á Selfossi fyrir frábæra umönnun.

Kristín Brynjólfsdóttir Hultgren  
Sveinbjörg Þóra Brynjólfsdóttir  
Björn Brynjólfsson  
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
**Húsnæði í boði**

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður, Gælundýr leyfð.

Sjá **www.leiguliðar.is** eða 517 3440.

**Bar til leigu í 101.**  
Til leigu bar aðstaða með billiard, póker skjávarpa, bjórdælur, WC, og alles.  
Einnig vinnustofur. 17-26fm.  
Upplýsingar í síma. **660 1050.**

**www.leiguherbergi.is**  
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðgangan að internet, baði, eldh., þurrkara og þvottavél.  
**824 4535.**

**Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu á smíðshöfða. Verð frá 25-30 þús. á mánuði. S. 857 7227.

Fjögurra herb. íbúð með húsgögnum og nýlegur toyota til leigu í 3 mán og jafnvel lengur. Tilboð óskast í s:773 7892

3.herb íbúð til leigu, nálægt Hlemm. S. 661 5219.

fallg 120 fm íbúð, 5 herb. í Jöldugróf til leigu í langan tíma. Uppl. 863 8892.

3ja herb. íbúð í Bryggjuverfinu til leigu frá 01 okt. til 01 júlí 2011. Með húsgögnum, interneti og bílageymslu. 120þús á mánuði. Uppl. 571 2402 og 662 1504

**Húsnæði til sölu**

Til sölu 150 fm raðhús í njarðvík. Áhv.14,5 frá íbúðalánasj.Öll skipti skoðuð.Uppl. S:893-2422/846-6678

**Atvinnuhúsnæði**

Til leigu gott iðnaðar/lager- og skrifstofuhúsnæði við Tangarhöfða. Iðnaðar/lagerhlutinn er 230fm. en skrifstofur á 2. hæð 250fm. Leigist saman eða sitt í hvoru lagi. Ekki vsk hús. Gott bílaþan-snyrtilegt hús. Hafið samband við Ólaf hjá Atvinnueignum í síma 824-6703. Atvinnueignir-stærsta leigumiðlun landsins í atvinnuhúsnæði.

Til leigu 70 fermetra verslunarsníðandi í Núpaland 1 í Kópavogi. Nánari upplýsingar í síma 898 5878.

Gott ca. 140m² skrifstofuhúsnæði á 2.h. í Skipholti. Laust til afh. Tölvulagnir/ljósleiðari. Móttaka, 4 skrifst. herb., eldhús m. nýrri innr. Geymsla. Dúkur. Lyfta. Aðgangstýrð sameign. Næg bílastæði. Hagstæð leiga. Uppl. í síma 896 0747.

Lítil/meðalstór skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut og Ármúla Hagstætt verð og gott útsýni. Uppl: 899 3760.

**Geymsluhúsnæði**

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum fyrir tjaldvagna og fellihýsi. Uppl. í s. 865 1166. Sama verð og í fyrra.

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. o. fl. upphitað, gott verð S: 8997012 email: solbakki.311@gmail.com

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

**geymslur.com**

Geyslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktad & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

**HÚSVAGNAGEYMSLA**

Upphitað, þurtt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564-6501.

**www.geyslaeitt.is**

Sér geyslur frá 5 til 17 m². Lág verð. Opíð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad. S: 564-6500

**Geymsluhúsnæðið**

**Auðnum II, 190 Vogar.**  
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótór-hjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Húsvagnageymslan Þorlákshöfn. Eigum laus pláss fyrir veturinn. Verð í upphitið kr 7.500 Lm og 6.500 í kaldri geyslu. S. 893 3347 & 866 6610.

**Vertargeymslur**

Geymdu gullin þín í Gónhól pöntun 771 1936 gonholl.is

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

**Ísbúðin Áfheimum**  
Óskar eftir að ráða starfsfólk á dagvaktir, 10-15. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 9495, milli kl. 09-17. Jónína eða á cyrus@simnet.is

**Góð aukavinna á kvöldin**

Okkur vantar íslenskumælandi fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá kl.18-22.Góð laun í boði. Aldur 22+ Uppl: í síma 869-0291 milli kl.14-19 virka daga:

Heimilisþríf Vandvirk og ábyrg kona óskast til að þrifa 60fm íbúð í Kópavogi og kaupa inn fyrir unga langveika konu 1 sinni í viku, á fimmtudögum milli ca 12:00 og 15:00. Umsóknir ásamt meðmælum sendist á adstodarkona@gmail.com eða hafið samband í síma 6936545.

ThaiKokkur vantar Við leitum duglegu fólk á Yummi 8963536

Markaðssamskipti óskar eftir rösku og sjálfstæðu fólki í símaver. Verktakastarfr með sveigjanlegum vinnutíma og góðum greiðslum fyrir duglega einstaklinga. Upplýsingar gefur Magnús í síma 694-9614.

Óskum eftir fólki í úthringistarf á kvöldin. Tilvalið fyrir fólk 30-70 ára. 25 ára lágmark. Góðir tekjumöguleikar, skemmtilegur vinnustaður. Uppl veitir Gisli í 553-6688 eða gisli@tmi.is

**Stýrimaður**

Stýrimann vantar á M-B Mörtu Agústsóttir frá Grindavík til netaveiða. Uppl. í s. 894 2013.

Viltu hressa vinnu? Vantar barþjóna og fólk í sal í hlutastarfi á Kaffi Zimsen. Reynsla er kostur. Hafið samband við Gisla í s. 772 0388.

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í fiskbúð. Uppl. í s. 896 3851.

Starfsmaður óskast í söluturn á Reykjavíkursvæðinu. Eitt og hálf starf í boði. umsókn sendist á magnus1220@hotmail.com

**Viðskiptataækifæri**

HAFÐU EGGIN Í FLEIRI KÖRFUM EN EINNI! AUKAVINNA MEÐ MÖGULEIKA Á FRAMTÍÐARTEKJUM - NETWORK MARKETING ÞJÁLFUN TIL STAÐAR - HRINGDU NÚNA Í S: 699 3702.

**TILKYNNINGAR**

**Einkamál**

**Spjalldómur 908 1616**  
Opíð þegar þér hentar.

**SÍMAPJÓNUSTUR**

**Stefnumót**  
905 2000 (símatorg)  
535 9920 (kreditkort)  
535 9923 (fritt karlar)  
555 4321 (fritt konur)

**Spjall**  
904 5454 (símatorg, karlar)  
535 9940 (kreditkort karlar)  
555 4321 (fritt, konur)

**Gay spjall**  
535 9988 (kreditkort)

**Sögun**  
905 2002 (símatorg)  
535 9930 (kreditkort)

**Spjalldómur**  
908 6000 (símatorg)  
535 9999 (kreditkort)

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísí eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



**Allt sem þú þarft...**





# Mjólk er góð



## Hugmyndaregn á ms.is

Í nýju málræktarátaki Mjólkursamsölnunnar sem nú gefur að líta á mjólkurfærum landsmanna er á gamansaman hátt fjallað um nýyrði í íslensku. Mjólkursamsalan býður landsmönnum að velja sitt upphaldsnýyrði.

Allir sem taka þátt í valinu eiga möguleika á að vinna lestölvu (iPad frá Apple) eða Íslenska orðabók.

Láttu hugmyndirnar flæða á [www.ms.is](http://www.ms.is).

Taktu partíð á næsta stig með PlayStation

**MOVE!**Lendir  
15. sept!

Sendu SMS **EST MOVE**  
á númerið **1900**.  
Svaraðu einni spurningu  
og þú gætir unnið!

Aðalvinningur er  
**MOVE** ásamt fjórum (Move)leikjum.

Fullt af auka vinningum:

Tölvuleikir • DVD myndir • PS3 aukahlutir og fleira!

**ELKO**

Vinningar afhendir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

9. hver  
vinnur!

## Þjóð með spegil

**BAKÞANKAR**  
Gerðar  
Kristnýjar

Fyrir rúmum tuttugu árum voru Stígamót – grasrótahreyfing gegn kynferðisofbeldi stofnuð. Starfsemin mætti oft skilningsleysi fyrstu árin en samtökin, þá undir styrkri stjórn dr. Guðrúnar Jónsdóttur félagsfræðings, stóðu allan mótbyr af sér, enda sást strax í upphafi að brýn þörf var fyrir þau. Guðrún og aðrar starfskonur Stígamóta gengu fram fyrir skjöldu og fræddu þjóð sína. Þær sögðu okkur að kynferðisofbeldi væri alvarlegur glæpur og útskýrðu afleiðingar þess fyrir þolendurna. Starfið bar ávöxt og engum vafa undirorpið hvað Stígamót hafa hjálpað mörgum.

**DAG** nokkurn birtist Thelma Ásdísardóttir og hrærði upp í samfélaginu með sögu sinni. Hátt og snjallt vísaði hún skömminni – bókstaflega – til föðurhúsanna. Síðar kom Breiðavíkurmálið upp og fjöldi íslenskra karlmannna treysti sér til að skýra frá ömurlegri bernsku. Rétt eins og í tilfelli Thelmu og systra hennar hafði félagskerfið brugðist ungum börnum. Áhrif þessara vitnisburða voru sterk. Íslenska þjóðin horfðist í augu við sjálfa sig og lofaði að gera allt til að vöðaatburðir á borð við þá sem áttu sér stað í gula húsinu í Hafnarfirðinum, Breiðavík, Bjargi og öðrum upptökuheimilum gerðust aftur.

**NÚ** hefur komið á daginn að fyrirverandi biskup þessa lands, hr. Ólaf-

ur Skúlason, var kynferðisofbeldismaður. Dóttir hans steig fram og sagði frá því hvaða mann þabbi hennar hafði að geyma. Og þá rifjaðist upp að einn þolenda hans, Sigrún Pálína Ingvarsdóttir sem sagði sögu sína fyrir einum 14 árum, fékk ekki þá aðstoð sem henni bar. Frásögn Sigrúnar Pálinu vakti vitaskuld mikla athygli á sínum tíma. Þöggvin fór því heldur ekki fram hjá neinum og það er skelfilegt að ímynda sér áhrifin sem þetta afskiptaleysi hlýtur að hafa haft, ekki aðeins á Sigrúnu sem flutti úr landi ásamt fjölskyldu sinni, heldur aðra þolendur kynferðisofbeldis.

**PARNA** sáu þeir svart á hvítu hvernig viðbrögðin yrðu ef þeir dirfðust að skýra frá reynsly sinni, hvað þá að ganga svo langt að kæra. Á meðan léku misyndismenn lausum hala og sá hugsunarháttur að nauðgun og annað kynferðisofbeldi væri eins og hvert annað sakleysislegt sprell fékk að grassera. Skaðinn sem þessi þöggvin hefur haft í för með sér gæti verið meiri en okkur grunar. Enn hefur speglinum verið brugðin á loft en nú er hann borinn upp að vitum okkar til að ganga úr skugga um að með okkur bærisk lífsmark, fólkinu sem hvorki gat skenkt Sigrúnu Pálinu skilning né samúð. Næst þegar til okkar verður leitað skulum við bjóða gestinum til sætis, ljúka hurðinni aftur, slökkva á símanum og leggja við hlustir. Eitt getum við nefnilega verið viss um, fleiri eiga eftir að biðja okkur um áheyrn.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman





## Nærðu ekki nokkurri átt?



Flott leiðsögukerfi í Nokia símann þinn!

Ovi Maps er fullkomið leiðsögukerfi fyrir Nokia síma. Ítarlegt kort af Íslandi, erlend kort, vegvísir, upplýsingar um áhugaverða staði, s.s. söfn, veitingastaði, hótél o.fl. Notaðu Nokia símann þinn til að komast á leiðarenda.

Kynntu þér málið í næstu verslun Vodafone



Nokia 5230

**0 kr.**

útborgun og  
2.590 kr. á mán.  
í 12 mán.

Fullt verð:  
**29.990 kr.**



Nokia E52

**0 kr.**

útborgun og  
4.190 kr. á mán.  
í 12 mán.

Fullt verð:  
**49.990 kr.**

Nákvæmar upplýsingar og leiðbeiningar um uppsetningu finnur þú á [ovimaps.is](http://ovimaps.is)

*power to you*

## &gt; EDRÚ Í HÁLFT ÁR

Ronnie Wood, gítarleikari The Rolling Stones, var svo háður eiturfjum á níunda áratugnum að hann reykti einu sinni sykur sem hann hélt að væri kókían. Kókaínneyslan kostaði hann mörg hundruð þúsund krónur á dag þegar verst lét. Í viðtali um helgina sagði hann þó drykkjuvandamál sín hafa verið verri. Wood hefur nú verið edrú í hálf á og nýtur lífsins.



# fólk

folk@frettabladid.is

## Sofia Coppola sigraði í Feneýjum

Leikstjórinn Sofia Coppola hlaut Gullna ljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneýjum um helgina fyrir kvikmynd sína Somewhere. Myndin fjallar um Hollywoodstjörnu sem reynir að ná aftur til ungrar dóttur sinnar. Með aðalhlutverk í myndinni fara Stephen Dorff og Elle Fanning.

Í frétt breska blaðsins Guardian segir að nokkuð hafi komið á óvart að mynd Coppola hafi verið valin besta myndin á hátíðinni. Gagnrýnendur voru ekki á einu máli um ágæti hennar en Quentin Tarantino, formaður dómnefndarinnar og fyrrverandi kærasti Sofiu Coppola, sagði þetta hafa verið einróma álit

dómnefndarinnar. „Við komum alltaf aftur að henni, jafnvel þegar við vorum að tala um hinar myndirnar, af því að okkur fannst hún sýna að hverju við værum að leita í okkar Gullna ljóni.“

Meðal annarra verðlaunahafa var Vincent Gallo sem valinn var besti leikarinn fyrir kvikmyndina Essential Killing þar sem hann leikur afganskan hryðjuverkamann á flótta, Ariane Labed var valin besta leikkonan fyrir hlutverk sitt í gamanmyndinni Attenberg sem fjallar um unga konu sem er hugfangin af heimildarmyndum Sir Davids Attenborough.



**SIGURVEGARI** Sofia Coppola hlaut Gullna ljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneýjum fyrir mynd sína Somewhere.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Tískuvikurnar byrjaðar



**AÐALKONAN** Anna Wintour er talin ein sú áhrifamesta í bransanum.



**MUNSTUR** Blake Lively úr Gossip Girl var klædd í sumarlegan munstraðan kjól.



**SKÆRBLÁ** Leighton Meester var í skærbláum kjól með framúrsteftulegu sniði.



**VÍÐAR BUXUR** Fatahönnuðurinn Vera Wang var klædd samkvæmt nýjustu tísku.



### Gítarnámskeið

12 einkatímar fyrir alla aldurshópa  
Hefst 20. september

innritun er hafin í síma 581 1281

www.gitarskoli.is  
gitarskoli@gitarskoli.is



Skráning á  
**dancecenter.is**



Reykjavík - Garðabæ

Nú eru tískuvikur haustsins að fara af stað og er það New York sem reið á vaðið um helgina. Verið er að sýna tiskuþrauma og stefnur næsta vors og sumars. Stjörnurnar flykkjast til borgarinnar til að sýna sig og sjá aðra sem og að drekka í sig tiskuna.

Meðal gesta á fyrstu sýningunum var Anna Wintour, ritstjóri Vogue, á sínum stað með svörtu sólgleraugum sem alla jafna einkenna hana ásamt Blake Lively og Leighton Meester úr Gossip Girl.

Ef marka má fyrstu sýningar tískuvikunnar verða föllir og ljósir litir allsráðandi með hækkanði sól. Niðurmjóu buxurnar víkja fyrir víðum skálmum úr flæðandi efni og magabolirnir eru að læðast aftur á sjónarsviðið.

alfrun@frettabladid.is



**GLÆSILEG** Diane Von Furstenberg glöð að vanda.

**BERT Á MILLI** Víðar skálmar, hárbönd og stuttir toppar sumarið 2011.

**BLÓMLEG** Raunveruleikastjórnan Olivia Palermo var mætt í blómakjól enda enn þá 30 stiga hiti og sumar í New York.

## Hefur ekki sungið í fimmtán ár

Jónmundur Grétarsson gerði garðinn frægann fyrir fimmtán árum í leikritinu Bugsy Malone þar sem hann heillaði áhorfendur með sóp í hönd raulandi lagið „Á morgun“. Nú hefur hann ákveðið að dusta rykið af leikaraferlinum og fer með hlutverk Sams Cook í söngleiknum Buddy Holly. „Það hefur alltaf blundað í mér leikaradraumur og ég ætlaði að sækja um leiklistarskólann núna síðast en guggnaði svo vegna söngsins. Ég hef bókstaflega ekki sungið síðan ég var í Bugsy“, segir Jónmundur sem hafði alltaf talið sér trú um að að hann gæti bara ekki sungið lengur. „Kærasta mín þrýsti á mig að fara í prufurnar því ég var alveg á báðum áttum vegna söngsins“, segir Jónmundur hlējandi en hann þurfti æfa sig og róa taug-

arnar áður en hann mætti prufuna í sumar.

Á milli þess sem hann mætir á stífar æfingar í Austurbæ fyrir Buddy Holly æfir Jónmundur fótbolta með BÍ Bolungarvík og komst einmitt í fréttirnar um daginn fyrir að fagna marki sínu með eftirminnilegum hætti.

„Ég var eiginlega þíndur af liðsfélögum mínum í að taka lagið og þykjast sópa við hornfánann þegar ég skoraði. Það var eftir að Húsvíkingar, lið sem við vorum að spila við, spiluðu Bugsy Malone-lagið fyrir leik til að kynda upp í mér og ég svaraði því svona,“ segir Jónmundur. - þp

### GÖTUSÓPARINN

Jónmundur 12 ára gamall raulandi lagið „Á morgun“.



**BARNASTJARNAN** Jónmundur Grétarsson ætlaði ekki að fara aftur á svið eftir Bugsy Malone en fer nú með hlutverk Sams Cook í Buddy Holly.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ófáanlegar gersemar

„Okkur finnst þetta vera ófáanlegar gersemar sem eru að koma út. Við teljum þetta vera poppsögulegt innlegg.“ segir Karl Roth úr hljómsveitinni Melchior sem gaf fyrir skömmu út tvöföldu plötuna <1980. Um er að ræða endurútgáfu á vín-íplötunum Silfurgrænu ilmvatni og Balapoppi en öll lög þeirra platna voru tekin upp fyrir árið 1980. Á Silfurgrænu ilmvatni er að finna elsta lagið sem Melchior hefur tekið upp, The Funny Thinking Man, sem Helga Möller söng árið 1974. Melchior er nýbyrjuð að spila aftur eftir að hafa tekið því rólega á þessu ári. „Við erum komnir aftur af stað núna og ætlum að keyra svolítið fram að jólum. Þetta verður alltaf skemmtilegra og skemmtilegra.“ segir Karl. Melchior mun spila töluvert á Rosenberg í nóvember en útgáfutónleikar hennar voru haldnir þar fyrir skömmu.



MELCHIOR Hljómsveitin Melchior verður dugleg við tónleikahald í nóvember.

- fb



www.keiluhollin.is

AFMÆLI



KEILUHÖLLIN  
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

Opið sunnud. - fimmtud. frá 11:00 - 24:00 og föstud. og laugard. frá kl 11:00 - 01:00

Pantanir í síma 511 5300 alla virka daga kl. 10:00 -15:00 eða á keiluhollin@keiluhollin.is

512 54 01

Auglýsingasími



BOLTASTRÁKUR Jay-Z vill eignast hlut í Arsenal og hafa áhrif á rekstur liðsins.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Jay-Z vill eiga Arsenal

Rapparinn Jay-Z hefur mjög mikinn áhuga á að fjárfesta í enska úrvalsdeildarliðinu Arsenal. Jay-Z, sem er kvæntur söngkonunni Beyoncé Knowles, hefur verið aðdáandi liðsins síðan Frakkinn Thierry Henry lék með því fyrir nokkrum árum.

Jay-Z á hlut í körfuboltaliðinu New Jersey Nets og hefur hingað til verið þekktur fyrir ágætan smekk og skynsemi í fjárfestingum. Hann segist ekki munu taka upp veskið nema hann geti tekið þátt í að stjórna liðinu. „Ég nenni ekki að vera aftursætis-fjárfestir. Ég vil sitja í stjórninni, vera með í ákvarðanatökunni. Síðustu tíu árin hef ég komist mikið inn í fótboltann og hef í nokkurn tíma haft áhuga á hlut í Arsenal.“



BARÁTTUKONA Kylie Minogue greindist með brjóstakrabba fyrir fimm árum.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Sér fyrir endann hjá Kylie

Söngkonan Kylie Minogue segist enn eiga í erfiðleikum vegna krabbameinsmeðferðar sinnar en hlakkar til þegar henni lýkur á næsta ári. Eins og kunnugt er greindist Kylie með brjóstakrabbamein árið 2005 og nú fimm árum síðar er hún enn í lyfjameðferð sem á að tryggja að sjúkdómurinn taki sig ekki upp að nýju.

Kylie segir þennan tíma hafa verið erfiðan og ekki sé öruggt að allt sé búið þegar meðferð lýkur. „Það verður frábært þegar meðferðinni lýkur snemma á næsta ári. En ég hef heyrt að maður verði svolítið óruggur til að byrja með án lyfjanna svo þetta verður talsverð aðlögun.“

MÍÐASALA Á SALURINN.IS

SÖNGUR, GRÍN & GLEÐI:  
ÓMARI  
HÁLFRA  
OLD!



Afmælisskemmtun Ómars

EFTIR HÁLFRAR ALDAR FERIL SEM SKEMMTIKRAFTUR HELDUR Ómar Ragnarsson UPP Á SJÖTUGSAFMÆLI SITT Í SALNUM, KÓPAVOGI, Á AFMÆLISDAGINN 16. SEPTEMBER OG AFTUR 17. SEPTEMBER.

Á FULLU Í FJÖRINU MEÐ ÓMARI:

HAUKUR HEIÐAR

MÍÐALDAMENN

RAGGI BJARNA

ÞURÍÐUR

ÞORGEIR

MAGGI ÓLA

**BESTA SKEMMTUNIN**  
**SAMBÍÓIN**

**SVEPPI ER KOMINN AFTUR!**

**ALGJÖR SVEPPI**  
DULRÁFUR HELMELBERGJÓ

**FYRSTA ÍSLENSKA 3D MYNDIN FRÁBÆR SKEMMTUN**

ROBERT PATTINSON EMILIA DE RAVIN COOPER OLGA KUKLINA PRINCE OF BROOKLYN

ROBERT EBERT  
★★★★★  
EMPIRE  
★★★★★

THE GHOST WRITER  
AULINN ÉG

SMÁRA BÍÓ		HÁSKÓLA BÍÓ	
ALGJÖR SVEPPI-3D	kl. 6 - 8	ALGJÖR SVEPPI-3D	kl. 6 - 8 - 10:20
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	THE GHOST WRITER	kl. 10
REMEMBER ME	kl. 8 - 10	STEP UP 3-3D	kl. 5:40 - 8
AULINN ÉG M/Íst. Tali	kl. 6	INCEPTION	kl. 8 - 10:40
THE GHOST WRITER	kl. 8 - 10:30	LEIKFANGASAGA 3 M/Íst. Tali	kl. 5:50
THE GHOST WRITER	kl. 5:30 - 8 - 10:30	<b>SMÁRA BÍÓ SELFOSI</b>	
STEP UP 3-3D	kl. 8 - 10:10	ALGJÖR SVEPPI	kl. 8
HUNDAR OG KETTIR 2 M/Íst. Tali	kl. 6	THE EXPENDABLES	kl. 10:10
LETTERS TO JULIET	kl. 8 - 10:20	LETTERS TO JULIET	kl. 8
INCEPTION	kl. 10:20	SCOTT PILGRIM VS THE WORLD	kl. 10:10
SHREK SÆLL ALLA DAGA M/Íst. Tali	kl. 6	<b>HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á HOPAR@SAMBIO.IS</b>	
<b>SMÁRA BÍÓ AKUREYRI</b>			
ALGJÖR SVEPPI-3D	kl. 6 - 8		
STEP UP-3D	kl. 10:20		
STEP UP 3	kl. 6		
REMEMBER ME	kl. 8 - 10:20		

**NÝTT Í BÍÓ!**

MILLA JOVOVICH  
**RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D**  
LUXUS

PÉDAR BERTÓ EÐGÓURNAR ERU UPPTAKNA...  
PÁ ERU ÞEIR ÖKKAR EINA VON...  
**THE OTHER GUYS**

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON  
**AULINN ÉG (DESPICABLE ME)**  
H.H. - MBL

STALLONE  
**LEICFANGASAGA 3**  
H.H. - MBL

FRÁ LEIKSTJÓRA NOT PRIZZ OG SHINN OF THE DEAD  
MEMOR EBN FRYNASTA OG FRUMLEIGASTA MYND AÐRIS

SMÁRA BÍÓ		HÁSKÓLA BÍÓ	
RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D	kl. 5:50 - 8 - 10:10	RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D	kl. 5:50 - 8:30 - 10:30
RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D LUXUS	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	THE OTHER GUYS	kl. 5:30 - 8 - 10:30
THE OTHER GUYS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	THE FUTURE OF HOPE	kl. 6 - 8
DESPICABLE ME 3D	kl. 3:40 - 8	AULINN ÉG 3D	kl. 6:15
AULINN ÉG 3D	kl. 3:40 - 5:50	THE HUMAN CENTIPEDE	kl. 10
AULINN ÉG 2D	kl. 3:30	THE EXPENDABLES	kl. 8 - 10:20
SCOTT PILGRIM VS THE WORLD	kl. 5:30 - 8	<b>BORGAR BÍÓ</b>	
THE EXPENDABLES	kl. 10:10	RESIDENT EVIL: AFTERLIFE	kl. 8 - 10
SALT	kl. 10:30	THE OTHER GUYS	kl. 8 - 10
		AULINN ÉG 3D	kl. 6
		THE EXPENDABLES	kl. 6

facebook.com/smarabio

**NÝTT Í BÍÓ** LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

POWERÝNING  
AÐ FÉRSTA DIGITAL  
TALUÐI LANSTI  
KL. 10:00

RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D

PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON  
**AULINN ÉG (DESPICABLE ME)**  
H.H. - MBL  
**VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG**

THE OTHER GUYS

**SÝNINGARTÍMAR**

RESIDENT EVIL 4	8 og 10 (POWER)	16
AULINN ÉG 3D	4 og 6 - ÍSLENSKT TAL	L
AULINN ÉG 2D	4 og 6 - ÍSLENSKT TAL	L
DESPICABLE ME 3D	4, 8 og 10 - ENSKT TAL	L
THE OTHER GUYS	5,50, 8 og 10:15	12

FÁR 1% ENDURBETTIF ÞU BORGAR BÍÓBARN  
WEB VÆÐITVÖR TENGDU AUKARÖÐUR

# Afpreygingin viku fyrir Óskarsvænni dramatik

Afpreygingarmyndir sumarsins sem hafa tröllriðið kvikmyndahúsum eru að hverfa á braut og eins og venjan er fylla alvarlegri og Óskarsvænni myndir þeirra sköð.

Kvikmyndir sem margar þykja líklegar til Óskarsverðlaunanna verða frumsýndar í Bandaríkjunum á næstu vikum og mánuðum. Dramatíkin og alvaran er þar í fyrirrúmi eins og svo oft áður á

þessum árstíma. Fréttablaðið tók saman lista yfir nokkrar af þeim myndum sem hafa mest verið í umræðunni að undanfögnu og þykja vænlegar til árangurs.



## WALL STREET: MONEY NEVER SLEEPS

Oliver Stone snýr aftur með framhald hinnar vinsælu Wall Street frá árinu 1987. Michael Douglas er enn í hlutverki fjármálamógúlsins Gordons Gekko, en hann hlaut einmitt Óskarin fyrir hlutverkið á sínum tíma. Shia Lebov kemur í stað Charlie Sheen sem lærisveinn Gekko. Myndin er væntanleg í lok mánaðarins.



## THE SOCIAL NETWORK

David Fincher, maðurinn á bak við The Curious Case of Benjamin Button og Fight Club, sendir frá sér The Social Network í október. Hún fjallar um Mark Zuckerberg, stofnanda Facebook-síðunnar. Jesse Eisenberg sem sló í gegn í Zombieland leikur aðalhlutverkið.


## THE FIGHTER

Myndin kemur út í byrjun desember og er byggð á ævi hnefaleikakappans „Irish“ Micky Ward, sem Mark Wahlberg leikur. Christian Bale tulkar bróður Wards sem þjálfaði hann áður en hann varð atvinnumaður um miðjan níunda áratuginn.



## 127 HOURS

Leikstjóri er Danny Boyle, sem síðast sendi frá sér verðlaunamyndina Slumdog Millionaire. Ræman er byggð á sannsögulegum atburðum sem áttu sér stað árið 2003 þegar bandarískur fjallaklifrari festi hönd sína í gljúfri með hræðilegum afleiðingum. Væntanleg í nóvember.



## BLUE VALENTINE

Ryan Gosling og Michelle Williams leika hjón sem þurfa að glíma við ýmis vandamál. Myndin var sýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni við góðar undirtektir og verður tekin til almennra sýninga á annan í júlum. Hljómsveitin Grizzly Bear samdi alla tónlistina í myndinni.

## THE TREE OF LIFE

Terence Malick (The Thin Red Line) var í fimm ár að ljúka við þessa mynd. Sean Penn leikur miðaldra föður sem rifjar upp æsku sína. Brad Pitt er einnig í leikaraliðinu. Væntanleg á annan í júlum vestanhafs.



## HEREAFTER

Clint Eastwood leikstýrir þessari dramatísku mynd sem fjallar um þrjár manneskjur og tengsl þeirra við dauðann. Matt Damon leikur aðalhlutverkið og framleiðandi er Steven Spielberg. Handritshöfundur er Peter Morgan sem á að baki The Queen og Frost/Nixon. Frumsýning vestanhafs í lok október.



## TRUE GRIT

Enn ein myndin frá Coen-bræðrum. Þessi fjallar um harðsvíraðan lögreglumann sem hjálpar þrjúskri konu að hafa uppi á morðingja föður hennar, Jeff Bridges, Matt Damon og Josh Brolin eru í helstu hlutverkum. Frumsýnd á annan í júlum.

**LYFJA**  
- Lifð heil



**Voltaren gel**  
15% verðlækkun

100 g ~~3.249 kr.~~ Verð nú **2.762 kr.+**  
50 g ~~1.998 kr.~~ Verð nú **1.698 kr.+**

+ Gildir út september 2010

www.lyfja.is

**Lægra  
verð  
í Lyfju**



NÆSTA SMITH-STJARNAN Willow Smith er spáð frægð og frama en hún er aðeins níu ára gömul. NORDICPHOTOS/GETTY

## Smith-barnið í tónlistina

Willow Smith, níu ára gömul dóttir leikarahjónanna Wills Smith og Jada Pinkett Smith, er að hasla sér völl innan tónlistar-geirans. Fyrsta smáskífa stúlkunnar hefur leikið á Netið og fær afbragðs dóma, meðal annars frá gagnrýnanda LA Times. Laginu „Whip my hair“ er sagt geta verið frá stórstjörnum á borð við Rihönnu og Keri Hilson og þykir Willow Smith hafa alla burði til að ná langt á sviði tónlistar.

Svo virðist sem Smith-börnin vilji feta í fótspor foreldra sinna og leggja leið sína í skemmtana-bransann en sonur þeirra, Jaden Smith, er búinn að ná töluverðum vinsældum eftir hlutverk sitt í Karate Kid-myndinni sem var frumsýnd í sumar.

## Victoria nakin í lyftu

Hjónin David og Victoria Beckham leika saman í sjónvarpsauglýsingu fyrir nýtt ilmvatn sem ber nafnið Intimately Beckham. Auglýsingin er nýfarin í loftið og þykir af svæsnari gerðinni. Söguþráðurinn er einfaldur en hjónin eru saman í lyftu að láta vel hvort að öðru og er meðal annars látið líta út fyrir að frú Beckham sé nakin. Þegar lyftan er komin á áfangastað sést fótballastjarnan þurrka varalít af vörum sínum og brosandir Victoria stígur út. Ilmvatnið er það fimmta sem hjónin búa til saman en þau hafa verið gift í ellefu ár og eiga saman þrjá syni.



EINBEITIR SÉR AÐ BARNI Noel Gallagher hyggst einbeita sér að komandi erfingja og því verður bið á útgáfu með sólóefni frá honum.

## Noel frestar plötuútgáfu

Noel Gallagher, gáfaða bróðurnum úr Oasis, liggur ekkert á að taka upp nýtt efni fyrir sólóplötu sína. Hann ætlar að einbeita sér að komandi erfingja. Noel yfirgaf Oasis í ágúst á síðasta ári eftir að hafa lent í slag við yngri bróður sinn, Liam. Þeir bræður hafa reyndar ekki átt skap saman og þetta var síður en svo í fyrsta skipti sem þeim tveimur lenti saman. Noel tilkynnti skömmu síðar að hann hygðist hefja sólóferil en einhver bið verður á því að nýtt efni heyrist frá honum. „Við erum að flytja, konan mín er komin níu mánuði á leið og ég ætla bara að vera í bleyskjuptum eitthvað fram á næsta ár,“ sagði Gallagher sem er kvæntur Söru MacDonald.

## Kolsvartur pakki frá XIII

Rokksveitin XIII sendir frá sér tvöföldu plötuna Black Box í dag. Þar verða öll bestu lög sveitarinnar ásamt sjö nýjum lögum sem voru tekin upp í sumar.

„Við erum búnir að spila mikið undanfarið ár og höfum fundið fyrir miklum áhuga,“ segir forsprakinn Hallur Ingólfsson. „Fólk var alltaf að spyrja hvort það væru ekki til plötur með okkur og við sögðumst vera búnir að gera fullt af plötum sem væru ekki til lengur. Þannig að við ákváðum að kýla á þetta og gera nýtt efni líka,“ segir hann. „Það sem er athyglisvert er að þegar við erum að spila koma margir ungir krakkar sem þekkja öll lögin. Okkur hálf brá til að byrja með.“

Eigendum Black Box gefst kostur á að hlaða niður öllum fyrri plötum XIII á stafrænu formi, endurgjaldslaut. Um er að ræða plöt-

urnar Salt, Serpentyne og Magnifico Nova sem allar hafa verið endurhljóðblandaðar í tilefni af útgáfu Black Box. Einnig fylgir með veglegur 32 síðna bæklingur þar sem farið er yfir langa og viðburðaríka sögu sveitarinnar í máli og myndum.

XIII, sem var stofnuð 1993, hefur verið iðin við tónleikahald síðan hún tók aftur til starfa haustið 2009 eftir langt frí. Hallur, sem syngur og leikur á gítar, leiðir XIII sem fyrr en með honum leika Eiríkur Sigurðsson á gítar, Jón Ingi Þorvaldsson á bassa og Birgir Jónsson á trommur.

Útgáfutónleikar verða á Sódómu Reykjavík á föstudaginn. Nánari upplýsingar um sveitina má finna á síðunni XIII.is, sem og á Myspace- og Facebook-svæðum hennar.

- fb



XIII Rokksveitin sendir frá sér tvöföldu plötuna Black Box í dag.

FRÍMANN GUNNARSSON FÆRIR ÍSLANDI HEIMSKLASSA HÚMOR!

FRÁBÆRT GRÍN, GÓÐIR GESTIR OG VITRÆNT SPJALL.

TAKIÐI MEÐ VASAKLÜTANA! ÞAÐ VERÐUR EKKI ÞURRT SÆTI Í SALNUM!

med Frámanni Gunnarssyni

GESTIR:

FRANK HVAM

(STJARNAN „KLOVN“ ÞÁTTANNA VINSÆLU)

ANDRÉ WICKSTRÖM

(EITT STÆRSTA NAFNIÐ Í SÆNSKU OG FINNSKU GRÍN)

DAGFINN LYNGBØ

(STÆRSTA NAFNIÐ Í NORSKU GRÍN)

ÁSAMT:

JÓNI GNARR

OG FLEIRI GÓÐUM GESTUM

29. SEPTEMBER  
Í HÁSKÓLABÍÓI  
MIÐASALA Á MIDI.IS  
MIÐASALA HEFST MÁNUDAGINN 13. SEPT. KL. 10:00



AÐEINS ÞESSI EINA SÝNING!  
SÝNINGIN FER FRAM Á ENSKU OG ÍSLENSKU

ICELANDAIR

FRÍMANN OG FÉLAGAR BIRTAST EINNIG Í „MÉR ER GAMANMÁL“ SEM HEFST 19. SEPTEMBER Á STÖÐ 2



**6 KJARTAN HENRY FINNBOGASON** skoraði mikilvægt mark fyrir KR-inga í Eyjum í gær þegar hann kom liðinu í 3-2 með marki úr víti sem hann fiskaði sjálfur. Kjartan Henry hefur nú skorað í sex deildarleikjum í röð en hann missti af tæpleikum á móti FH vegna leikbanns.



**KOMNIR UPP** Viktor Örn Guðmundsson kom Víkingum í 1-0. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## 1. deild karla í fótbolta: Víkingar upp í Pepsi-deildina

**FÓTBOLTI** Víkingar tryggðu sér sæti í Pepsi-deild karla á laugardaginn eftir að þeir unnu 2-0 sigur á KA á Akureyri á sama tíma og Þórsasar töpuðu fyrir HK í Kópavoginum. Viktor Örn Guðmundsson og Marteinn Briem tryggðu Víkingi sigurinn en Marteinn hefur skorað 6 mörk í síðustu fjórum leikjum Víkinga sem allir hafa unnist. Það leit lengi vel út fyrir að Leiknir ætlaði að fylgja Víkingi upp en Hilmar Bjarnþórsson tryggði Fjarðabyggð 1-1 jafntefli á Eskifirði. Leiknir er með þremur stigum meira en Þór en Akureyringar hafa betri markatölu. Bæði lið eru á heimavelli í lokaumferðinni, Leiknir fær Fjölni í heimsókn en Þór tekur á móti Fjarðabyggð. - 66j

## Valskonur fóru áfram: Jenný í stuði

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Vals í handbolta tryggðu sér sæti í 2. umferð EHF-keppni kvenna í handbolta með 30-30 jafntefli við Iuventa frá Slóvakíu. Valur vann fyrri leikinn með fimm mörkum. Markvörðurinn Guðný Jenný Ásmundsdóttir fylgdi eftir fráberum fyrri leik með því að verja 22 skot í seinni leiknum. Hrafnhildur Skúladóttir var markahæst með 7 mörk. Valur mætir þýska liðinu VfL Oldenburg í 2. umferð. - 66j

# Réðst á markvörslu Lars

KR-ingar sóttu öll þrjú stigin til Vestmannaeyja í gær eftir 4-2 sigur á ÍBV í sveiflukendum og hörkuspennandi leik. Guðjón Baldvinsson skoraði tvö mörk í leiknum og Lars Moldeskred varði aftur víti frá Tryggva Guðmyndssyni..

**FÓTBOLTI** KR-ingar settu enn meiri spennu í toppbaráttu Pepsi-deildar karla með því að vinna 4-2 sigur á ÍBV Eyjum í í gær og skjóta Eyjamenn þar með niður af toppnum. Breiðablik er nú með 37 stig á toppnum, einu stigi meira en ÍBV, tveimur stigum meira en FH og þremur stigum meira en KR.

KR byrjaði leikinn heldur betur af krafti en þeir voru búnir að skora eftir aðeins 58 sekúndur. Guðjón Baldvinsson sneri þá glæsilega af sér Eið Aron varnarmann Eyjamanna, slapp einn í gegn og skoraði.

Þetta kjaftshögg virtist ekki vera nóg til að vekja leikmenn ÍBV því Mark Rutgers bætti við öðru marki KR eftir aðeins fimm mínútna leik. Þá tók Bjarni Guðjónsson aukaspurnu við endalnuna rétt utan markteigs, sendi boltann fyrir og boltinn fór í gegnum þvöguna og þar stóð Mark einn og óvaldaður og potaði boltanum í netið.

Eftir þetta voru KR-ingarnir líklegri til að bæta við en Eyjamenn voru í raun heppnir að komast inn í hálfleik með 0-2 á bakinu.

Heimir Hallgrímsson hefur heldur betur lesið yfir sínum mönnum í hléinu því það mætti gjörbreytt lið í seinni hálfleikinn. Tony Maweije skoraði þegar 4 mínútur voru liðnar af síðari hálfleiknum. Mikil stemning var í liðinu á þessum tíma og fengu heimamenn dæmda vítaspurnu á 51. mínútu en Tryggvi Guðmundsson fór á vítapunktinn og lét Lars Ivar verja hjá sér. Það var frábær markvarsla hjá Lars.

Það breytti því ekki að Eyjamenn náðu að jafna metin á 60. mínútu, þá var það Denis Sytnik sem komst einn í gegn og lagði boltan fyrir Þórarinn Inga Valdimarsson sem skoraði í tómt markið.

Eftir þetta voru Eyjamenn betri en fengu dæmda á sig vítaspurnu

á 71. mínútu. Tony Maweije felldi Kjartan Henry Finnbogason. Kjartan fór sjálfur á vítapunktinn og skoraði örugglega.

Þá virtist dampurinn detta úr þessu hjá Eyjamönnum og KR-ingar bættu við fjórða markinu á 80. mínútu þegar Guðjón Baldvinsson sá að Elías Fannar var kominn vel út úr markinu og vippaði glæsilega yfir hann og í fjærhornið.

Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV var að vonum ekki sáttur eftir leikinn. „Við vorum komnir 0-2 undir eftir bara 4 mínútur og það tók okkur góðan hálf tíma eftir þetta að komast í gang,“ sagði Heimir. „Í seinni hálfleik var bara allt annað hugafar og í stöðunni 1-2 fáum við víti en klúðrum því. Strax í framhaldinu skorum við og mér fannst nú alveg vera með leikinn í okkar hendi á þeim tímapunkti. Við fáum svo dæmda á okkur kjánalegt víti og það slær menn aftur út.“

unni hjá Lars sem ver þrisvar sinn- um alveg glæsilega í þessum leik og var klárlega maður leiksins,“ sagði Heimir.

Rúnar Kristinsson, þjálfari KR var ánægður með sína menn í leiklok. „Við vorum heilt yfir betri en þegar Eyjamenn koma inn í leikinn og ná að jafna þá fá þeir ágætis séns að komast yfir. En svo fannst mér við ná aftur tókum á leiknum. Við gerum í raun út um leikinn með að skora þessi tvö frábæru mörk sem að skildu liðin síðan að,“ sagði Rúnar. - vsh



**TVENNA Í EYJUM** Guðjón Baldvinsson hefur verið mikilvægur fyrir KR-liðið á lokaspöttinum í Pepsi-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta réðst mikið á markvörslu“

## ÚRSLIT OG STAÐA

### Pepsi-deild karla

**STAÐAN**

<b>Breiðablik</b>	19	11	4	4	41-22	37
<b>ÍBV</b>	19	11	3	5	31-22	36
<b>FH</b>	19	10	5	4	36-27	35
<b>KR</b>	19	10	4	5	38-25	34
<b>Valur</b>	19	7	7	5	31-33	28
<b>Fram</b>	18	7	5	6	29-28	26
<b>Stjarnan</b>	19	6	6	7	37-36	24
<b>Keflavík</b>	18	6	6	6	19-23	24
<b>Grindavík</b>	19	5	5	9	23-29	20
<b>Fylkir</b>	19	5	3	11	31-39	18
<b>Haukar</b>	19	2	8	9	25-40	14
<b>Selfoss</b>	19	4	2	13	27-44	14

**NÆSTU LEIKIR**

<b>Fram-Keflavík</b>	<b>í kvöld klukkan 19.15</b>
<b>Keflavík-Valur</b>	fim. 16. sep. kl: 17.15
<b>Fylkir-Grindavík</b>	fim. 16. sep. kl: 17.15
<b>Selfoss-ÍBV</b>	fim. 16. sep. kl: 17.15
<b>Stjarnan-FH</b>	fim. 16. sep. kl: 17.15
<b>KR-Breiðablik</b>	fim. 16. sep. kl: 17.15
<b>Haukar-Fram</b>	fim. 16. sep. kl: 17.15

Hásteinvöllur, áhorf.: 1010 Erlendur Eiríksson (6)

0-1 Guðjón Baldvinsson (2.)  
0-2 Mark Rutgers (5.)  
1-2 Tony Maweije (49.)  
2-2 Þórarinn Ingi valdimarsson (60.)  
2-3 Kjartan Henry, víti (71.)  
2-4 Guðjón Baldvinsson (80.)

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	22-20 (16-14)
Varin skot	Elías Fannar 10 - Lars 14
Horn	7-6
Aukaspurnur fengnar	7-10
Rangstöður	3-2

ÍBV 4-3-3	KR 4-3-3
Eliás Fannar Stefn. 5	*Lars Moldeskred 9
Matt Garner 6	Skúli Jón Friðgeirss. 6
Eiður Aron Sigurbjörn 5	Mark Rutgers 6
Rasmus Christiansen 6	Grétar Sigfinnur 5
Arnór Eyvar Ólafsson 5	Dófrí Snorrason 7
(77. Eyþór Helgi -)	Baldur Sigurðsson 6
Þórarinn Ingi Vald. 6	Bjarni Guðjónsson 6
(88. Anton Bjarnas. -)	Egill Jónsson 6
Andri Ólafsson 6	(65. Björgólfur Tak. 5)
Finnur Ólafsson 6	Óskar Örn Hauks. 7
Tony Maweije 5	Guðjón Baldvinss. 8
Tryggvi Guðmundss. 6	Kjartan Henry Finn. 6
Denis Sytnik 6	*Maður leiksins (81. Daniell Warlem -)

Frískir Fylkismenn létu Breiðablik hafa fyrir sigrinum á Kópavogsvelli í gær:

# Blikarnir í toppsætið á ný

**FÓTBOLTI** Fylkir átti sinn besta leik í nokkuð langan tíma þegar liðið lék gegn Breiðabliki í Kópavogi í gær. Það dugði þó ekki til þar sem Blikar fóru að lokum með sigur af hólmi 1-0.

„Þetta var ansi erfið fæðing og mikil barátta allan leikinn,“ sagði Ingvar Þór Kale, markvörður Breiðablíks. „Þessi leikur hefði getað farið hvernig sem var því bæði lið fengu góð færi og þetta var örugglega fínasta skemmtun fyrir áhorfendur.“

Ingvar segir Blika hafa búist við baráttuglöðu Fylkisliði. „Þeir eru að berjast fyrir lífi sínu í deildinni og fara vel í tæklingarnar. Þeir áttu ágætis leik, það verður ekki tekið af þeim.“

Ekkert mark var skorað í fyrri hálfleiknum en bæði lið áttu hættulegar sóknir og markverðirnir voru í góðum gír. Fylkir var án sterkra leikmanna en þeir ungu menn sem komu inn stóðu fyrir sínu og ljóst að menn voru að leggja sig alla fram.

Árbæingar voru vel skipulagðir en stuðningsmenn þeirra hafa lært í sumar að það þýðir ekkert að byrja að fagna í hálfleik. Snemma í síðari hálfleik kom eina mark leiksins þegar Kristinn Steindórs-son náði að koma boltanum í netið eftir að skot frá Finni Orra Marg-eirssyni var varið.

Blikar fengu eftir markið hættu- legri færi til að bæta við öðru



**KOMNIR Á TOPPINN** Blikarnir fagna hér 1-0 sigri sínum á Fylki í gær en með honum komust þeir aftur upp fyrir Eyjamenn á topp Pepsi-deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

marki en fóru illa að ráði sínu. Þeir voru stálheppnir að fá ekki refsingu rétt fyrir leiklok þegar Ingimundur Niels Óskarsson fékk dauðafæri en Ingvar Kale varði vel.

Með sigrinum komst Breiðablik aftur á toppinn þar sem Eyjamenn töpuðu. Ingvar er þó alls ekki byrjaður að fagna. „Þetta er heljarinnar pakkí og það getur allt gerst í þessu enn þá. Það er nokkuð ljóst að ef við klárum þá leiki sem við eigum eftir þá verðum við meistara.“ sagði Ingvar Kale.

við meistara. Við verðum bara að gera það,“ sagði Ingvar Kale.

Þórir Hannesson var fyrirlíði Fylkis í gær og fannst liðið eiga eitthvað skilið úr leiknum. „Við brotnuðum ekki við markið eins og hefur verið nánast. Þetta er algjörlega í okkar höndum og við ætlum að vinna næstu tvo leiki sem eru báðir á okkar heimavelli, það kemur ekkert annað til greina en að klára þetta sjálfir,“ sagði Þórir.



## Breyttur afgreiðslutími á Bæjarhálsi

Við höfum breytt afgreiðslutíma okkar sem hér segir:

Þjónustuverið er opið frá kl. 8:00 til 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan að Bæjarhálsi 1 er opin frá kl. 8:00 til 16:00, alla virka daga.

Sími þjónustvers: 516 6000 og 800 1010 (grænt númer)

Sími bilanavaktar: 516 6200 (opin allan sólarhringinn)

Við viljum einnig benda þér á viðskiptavinavef okkar, [www.orkanmin.is](http://www.orkanmin.is), þar sem þú getur fundið m.a. ýmis ráð um bættu orkunýtingu ásamt því að skoða orkunotkun þína.

Verið ávallt velkomin, starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveitan leggur áherslu á góða þjónustu

[www.or.is](http://www.or.is)



Ódýr vítaspyrna færði Íslandsmeisturunum þrjú stig á móti Selfyssingum í Kaplakrika í gær:

# FH-ingar eru hvergi nærri hættir

**FÓTBOLTI** FH-ingar ætla sér greinilega að verja Íslandsmeistaratitilinn í ár en þeir sigruðu Selfyssinga, 2-1, á Kaplakrikavelli í gær.

FH-ingar byrjuðu leikinn virkilega vel og komust yfir strax í byrjun, en þar var á ferðinni Björn Daníel Sverrisson sem skall aði boltann í netið. Þegar um tuttugu mínútur voru eftir af leiknum náðu gestirnir að jafna metin með marki frá Viðari Kjartanssyni. Heimamenn voru ekki lengi að komast aftur yfir en Jóhannes Valgeirsson, dómari leiksins, dæmdi heldur ódýra vítaspyrnu sem Matthías Vilhjálmsson skoraði örugglega úr. Íslandsmeistararnir unnu því

góðan sigur í gær og færast nær toppnum. „Ég er mjög ánægður með að hafa náð að klára þennan leik eftir ágæta spilamennsku hjá mínu liði,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, sáttur eftir leikinn í gær.

„Seinni hálfleikurinn var ekki góður af hálfu FH og Selfyssingarnir gengu á lagið sem gerði það að verkum að við vorum á eftir á öllum vígstöðum stóran hluta af síðari hálfleiknum. Ég er samt ánægður með að strákarnir misstu ekki dampinn eftir jöfnunarmarkið og skoruðu strax í kjölfarið,“ sagði Heimir.

„Ég er sár og svekktur yfir þessari nið-

urstöðu, en það er alveg á hreinu að við áttum meira skilið út úr þessum leik en raun bar vitni,“ sagði Guðmundur Benediktsson, þjálfari Selfoss, eftir leikinn í gær.

„Það er hrikalega súrt að tapa leik á vítaspyrnu sem átti aldrei að dæma. Þetta var ekki í okkar höndum í dag, en dómarnir tók hreinlega bara ranga ákvörðun og við getum ekkert gert í því. Ég get ekki annað en hrósað mínu liði eftir spilamennskuna í kvöld, en við vorum líklega að spila gegn besta liði landsins og áttum að fá meira út úr þessum leik,“ sagði Guðmundur.

- sáþ



**FISKADI MIKILVÆGT VÍTI** Sigurmark FH kom úr víti sem Atli Guðnason fékk.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

	<b>2-1</b>	
<b>FH</b>		<b>Selfoss</b>
Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1135 ● Jóhannes Valgeirsson (7)		

1-0 Björn Daníel Sverrisson (6.)  
1-1 Viðar Örn Kjartansson (68.)  
2-1 Matthías Vilhjálmsson, víti (71.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	15-7 (7-2)
Varin skot	Gunnleifur 1 - Jóhann 5
Horn	7-3
Aukaspjrnur fengnar	14-16
Rangstöður	4-3

<b>FH</b> 4-3-3	<b>SELF OSS</b> 4-5-1
Gunnleifur Gunnleifs 7	Jóhann Ólafur Sig. 5
Pétur Viðarsson 7	Andri Freyr Björnss. 5
Freyr Bjarnason 6	Stefán Ragnar Guðl. 5
Tommy Nielsen 6	Jón Guðbrandsson 6
Hjörtur Logi Valgarðs 7	Sigurður Eyberg Guð. 4
Gunnar Már Guðm. 5	Guðmundur Þórarins. 6
(69., Gunnar Krist. 6)	Martin Dohlsten 7
Björn Daníel Sverris. 7	Ingólfur Þórarinsson 5
(55. Hákon Atli Hallf. 5)	(58. Arilius Mart. 5)
Ólafur Páll Snorrás. 6	Ingþór Jóhann Guðm. 6
<b>*Matthías Vilhjálm. 8</b>	(58. Jón Daði 5)
Atli Guðnason 6	Viðar Örn Kjartans. 7
Atli Viðar Björnsson 5	Víktor Unnar Illugas. 5
(85., Torgeir Motland -)	(84., Sævar Þór Gísla -)

\*Maður leiksins

	<b>1-0</b>	
<b>Breiðablik</b>		<b>Fylkir</b>
Kópavogsvöllur, áhorf.: 1653 ● Gunnar Jarl Jónsson (8)		

1-0 Kristinn Steindórsson (49.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	13-10 (8-5)
Varin skot	Ingvar 4 - Fjalar 7
Horn	7-9
Aukaspjrnur fengnar	9-9
Rangstöður	0-2

<b>BREIÐAB.</b> 4-3-3	<b>FYLKIR</b> 4-5-1
Ingvar Þór Kale 8	Fjalar Þorgeirsson 8
Jökull Elísabetarson 7	Ásgeir Örn Arnórss. 5
Kári Ársællsson 7	Þórir Hannesson 7
Elfar Freyr Helgason 6	Davíð Þór Ásbjörnss. 6
Arnór Sveinn Aðalst. 7	Kjartan Ág. Breiðdal 5
<b>*Finnur Orrí Marg. 8</b>	Ásgeir Þórkur Ásgeirs. 5
Guðmundur Kristján. 6	Andrés Már Jóh. 7
Ólgeir Sigurgeirsson 5	Andri Már Herm. 7
(62., Andri Rafn 6)	(73., Friðrik Þráins. -)
Haukur Baldvinsson 7	Ingimundur Niels. 5
(73., Guðm. Péturss. -)	Jóhann Þórhallsson 6
Kristinn Steindórss. 6	(88., Ragnar Bragi -)
Alfreð Finnbogason 6	Albert Brynjar Ingas. 5

\*Maður leiksins

Spennan magnast í formúlu 1:

## Alonso vann

**FORMÚLA EITT** Ferrari-menn fögnuðu góðum árangri á heimavelli sínum þegar ítalski kappaksturinn fór fram á Monza-brautinni í gær.

Fernando Alonso tryggði sér sinn þriðja sigur á tímabilinu og liðsfélagi hans Felipe Massa varð í þriðja sætinu á eftir Jenson Button frá McLaren.

Fernando Alonso fór upp um tvö sæti og upp í það þriðja í keppni öikumanna og er nú 21 stigi á eftir Mark Webber. Webber tók efsta sætið af Lewis Hamilton þrátt fyrir að hann náði aðeins sjötta sætinu því Hamilton féll úr keppni í fyrsta hring eftir að hafa keyrt utan í Massa.

- 66j

## Íslenskir ostar – hreinasta afbragð



Chelsea er strax komið með fjögurra stiga forskot á Manchester United í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta:

# Manchester-liðin misstigu sig bæði aftur

**FÓTBOLTI** Sigurganga Chelsea hélt áfram í ensku úrvalsdeildinni um helgina þegar liðið vann 3-1 sigur á West Ham á Upton Park. Mikael Essien skoraði tvö mörk fyrir meistarana sem hafa fullt hús, markatöluna 17-1 og tveggja stiga forskot á Arsenal þegar fjórar leikir eru búnir.

Aðalkeppninautarnir í Manchester United virtust vera með sigurinn vísan þegar þeir voru 3-1 yfir á móti Everton á Goodison Park en Everton tryggði sér jafntefli með tveimur mörkum í uppbótartíma.

Alex Ferguson þurfti því að horfa upp á sína menn tapa öðrum unnum útileik í röð niður í jafntefli.

Arsenal er í góðum gir á Emirat- es í byrjun tímabilsins en liðið vann 4-1 sigur á Grétari Rafni Steinsyni og félagum í Bolton. Francesc Fabregas átti þátt í öllum mörkunum en Arsenal hefur nú skorað 10 mörk í fyrstu tveimur heimaleikjum tímabilsins.

Nýliðar Blackpool unnu 2-1 sigur á Newcastle á St. James Park og sitja því í fjórða sæti deildarinnar eftir fjóra fyrstu leiki liðs-

ins í efstu deild í 39 ár. Tottenham er hins vegar bara í 11. sæti eftir jafntefli á móti West Brom og Manchester City gerði bara jafntefli á móti Blackburn á heimavelli sem þýðir að liðið er aðeins búíð að vinna einn af fyrstu fjórum leikjum sínum.

Fulham fagnaði 2-1 endurkomusigri á Wolves en missti Bobby



Zamora ökklabrotinn af velli og Asamoah Gyan var nærri því búinn að tryggja tíu manna liði Sunderland útisigur á Wigan í sínum fyrsta leik en Wigan jafnaði í lokin. Liverpool gat þakkað markverði sínum, Pepe Reina, að fara með eitt stig frá Birmingham eftir markalaust jafntefli en Liverpool-liðið er því bara í 13. sæti með 5 stig úr fjórum fyrstu leikjunum.

- óóó

## ÚRSLITIN Í ENSKA

### Enska úrvalsdeildin

Everton - Manchester United	3-3
1-0 Steven Pienaar (39.), 1-1 Darren Fletcher (43.), 1-2 Nemanja Vidic (47.), 1-3 Dimitar Berbatov (66.), 2-3 Tim Cahill (90.+1), 3-3 Mikel Arteta (90.+2).	
Arsenal - Bolton	4-1
1-0 Laurent Koscielny (24.), 1-1 Johan Elmander (44.), 2-1 Marouane Chamakh (57.), 3-1 Alexandre Song (77.), 4-1 Carlos Vela (82.)	
Fulham - Wolverhampton	2-1
0-1 Jelle van Damme (10.), 1-1 Moussa Dembélé (48.), Moussa Dembélé (90.+2)	
Manchester City - Blackburn	1-1
0-1 Nikola Kalinic (25.), 1-1 Patrick Vieira (55.)	
Newcastle - Blackpool	0-2
0-1 Charlie Adam, víti (45.), 0-2 DJ Campbell (90.)	
West Bromwich Albion - Tottenham	1-1
0-1 Luka Modric (27.), 1-1 Chris Brunt (41.)	
West Ham - Chelsea	1-3
0-1 Mickael Essien (2.), 0-2 Salomon Kalou (17.), 0-3 Mickael Essien (83.), 1-3 Scott Parker (85.)	
Wigan - Sunderland	1-1
0-1 Asamoah Gyan (65.), 1-1 Antolin Alcaraz (85.)	
Birmingham - Liverpool	0-0

### STAÐAN Í DEILDINN

Chelsea	4	4	0	0	17-1	12
Arsenal	4	3	1	0	13-3	10
Man. United	4	2	2	0	11-5	8
Blackpool	4	2	1	1	8-8	7
Birmingham	4	1	3	0	6-5	6
Fulham	4	1	3	0	6-5	6
Aston Villa	3	2	0	1	4-6	6
Man. City	4	1	2	1	4-2	5
Wolves	4	1	2	1	5-5	5
Sunderland	4	1	2	1	4-4	5
Tottenham	4	1	2	1	3-3	5
Bolton	4	1	2	1	6-7	5
Liverpool	4	1	2	1	2-4	5
Newcastle	4	1	1	2	7-6	4
Blackburn	4	1	1	2	4-5	4
West Brom	4	1	1	2	2-8	4
Wigan	4	1	1	2	2-11	4
Everton	4	0	2	2	4-6	2
Stoke City	3	0	0	3	2-6	0
West Ham	4	0	0	4	2-12	0

### Enska b-deildin

Coventry City - Leicester	1-1
Aron Einar Gunnarsson kom inn á 67. mín	
Queens Park Rangers - Middlesbrough	3-0
Heiðar Helguson skoraði fyrsta mark QPR úr víti	
Reading - Crystal Palace	3-0
Brynjar Björn Gunnarsson lék allan leikinn.	



**FRÁBÆR** Kevin Durant var maður keppinnar. Hér er hann með bikarinn. MYND/AP

HM í körfubolta lauk í gær:

## Bandríkjamenn voru í sérflokk

**KÖRFUBOLTI** Bandaríkjarmenn urðu í gær heimsmeistarar í körfubolta í fyrsta sinn síðan 1994 eftir öruggan 17 stiga sigur, 81-64, á Tyrkjum í úrslitaleiknum á HM í Tyrklandi.

Sigur Bandaríkjarmanna var öruggur og þeir komust mest 22 stigum yfir en bæði liðin komu taplaus inn í þennan leik. Þetta er í fjórða sinn sem Bandaríkin vinna HM en liðið vann titilinn án þess að hafa innanborðs stórstjörnur frá því á ÓL í Peking.

Kevin Durant hélt áfram að spila frábærlega með bandaríska liðinu og var með 28 stig í leiknum en Lamar Odom bætti við 15 stigum og 11 fráköstum og Russel Westbrook skoraði 13 stig.

Hidayet Türkoglu skoraði mest fyrir Tyrki eða 16 stig en enginn annar leikmaður liðsins skoraði meira en 9 stig í þessum leik. Þetta var besti árangur Tyrkja á HM frá upphafi en þeir áttu aldrei möguleika gegn geysisterku bandaríska liði í úrslitaleiknum.

Litháar unnu bronsið eftir 99-88 sigur á Serbum í leiknum um 3. sætið og Argentína varð í 5. sæti eftir 86-81 stig á fráfarandi heimsmeisturum Spánverja. - óóó

# MEISTARADEILDIN HEFST Á MORGUN!

## MANCHESTER UNITED

GEGN

## GLASGOW RANGERS

### STERKASTA DEILD Í HEIMI – FYLGSTU MEÐ FRÁ BYRJUN!

**ÞRIÐJUDAGUR**

18:00 Upphitun fyrir Meistaradeildina

18:30 Man. Utd. – Glasgow Rangers

18:30 Werder Bremen – Tottenham

18:40 Barcelona – Panathinaikos

20:40 Meistaramörkin

**MÍÐVIKUDAGUR**

18:00 Upphitun fyrir Meistaradeildina

18:30 Real Madrid – Ajax

18:30 Arsenal - Braga

18:40 Zilina – Chelsea

20:40 Meistaramörkin

Fyrir **140** krónur færð þú:

3/4 LÍTRA AF BENSÍNI

NÆSTUM 1 KLST. Í STÖVUMÆLI

10 MÍNÚTUR Í BÍÓ

1 DL AF BJÓR Á BARNUM

BEINAR ÚTSENDINGAR ÚR MEISTARADEILDINN OG MARGT FLEIRA

Stöð 2 Sport kostar aðeins 140 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

VILDARÁSKRIFT AD STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**5-1**  
Valur Stjarnan  
Vodafonevöllur, áhorf.: 784 Kristinn Jakobsson (7)

1-0 Martin Pedersen, víti (19.)  
2-0 Guðmundur Steinn Hafst. (35.)  
3-0 Arnar Sveinn Geirsson (41.)  
3-1 Halldór Orri Björnss. víti. (67.)  
4-1 Jón Vilhelm Ákason (81.)  
5-1 Matthías Guðmundsson (90.+2)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	14-9 (8-6)
Varin skot	Kjartan 5 - Bjarni Þórður 3
Horn	7-5
Aukaspjrnur fengnar	9-10
Rangstöður	4-3

VALUR 4-5-1	STJARN. 4-5-1
Kjartan Sturluson 6	Bjarni Þórður Halld. 5
Stefán Jóhann Egg 7	Jóhann Laxdal 4
Atli Sveinn Þórarinnss. 8	Marel Baldvinsson 5
Greg Ross 6	(64., Dennis Danry 4)
Martin Pedersen 7	Daniel Laxdal 4
Arnar Sveinn Geirss. 6	Hilmar Þór Hilmarss. 3
(84., Þórir Guðjónss. -)	Arnar Már Björgvins. 5
Sigurbjörn Hreiðars. 6	(73., Bjarki Páll Eyst. -)
Rúnar Már Sigurjóns. 6	Björn Pálsson 4
(77., Diarm. O'Carroll -)	Atli Jóhannsson 4
Ian Jeffs 7	Halldór Orri Björnss. 6
Guðmundur Steinn 7	Þorvaldur Árnason 5
(89., Matthías Guðm. -)	(84., Víðir Þorvaldars. -)
*Jón Vilhelm Ákas. 8	Ólafur Karl Finsen 3

\*Maður leiksins

# Gunnlaugur Jónsson er kominn með vinnufrið og búinn að kveikja í sínum mönnum á Hlíðarenda: Valsmenn kjöldrógu Stjörnustrákana í gær

**FÓTBOLTI** Valsmenn fóru illa með Stjörnumenn á Vodafonevöllinum í gær og unnu 5-1 í leik þar sem þeir rauðklæddu voru fremri á öllum sviðum knattspyrnunnar. Leikurinn byrjaði reyndar rólega og lítið markvert gerðist fyrsta korterið eða þar til Kristinn Jakobsson dæmdi vítaspjrnur á Bjarna Þórð Halldórsson, markvörð Stjörnungunnar. Martin Pedersen fór á punktinn og kom Val 1-0 yfir. Áður en fyrri hálfleikur var úti höfðu Valsmenn bætt við tveimur mörkum til viðbótar og voru þar

að verki Guðmundur Steinn Hafsteinsson og Arnar Sveinn Geirsson. 3-0 í hálfleik og útlitið dökt hjá Stjörnumönnum. Valsmenn með yfirhöndina í seinni og þótt Halldór Orri Björnsson hafi minnkað muninn í 3-1 með marki úr vítaspjrnur var sigurinn aldrei í hættu. Skömmu eftir mark Halldórs var Jóhann Laxdal rekinn af velli og við það gáfust Stjörnumenn endanlega upp og bættu Valsmenn tveimur mörkum við í lokakafli leiksins. Gunnlaugur Jónsson brosti allan



6 STIG OG 8 MÖRK Í TVEIMUR LEIKJUM Gunnlaugur Jónsson, þjálfari Valsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hringinn í samtali við blaðamann eftir leik. „Ég er ánægður með sóknarleikinn. Skoruðum 5 mörk og fengum að auki alveg urmúl færa. Eg þakka breyttum sóknarleik þennan sigur. Upplaggið var frjálfsari sóknarleikur og meira flæði. Fjórir fremstu menn áttu að vera duglegir að skipta um stöður og flæðið varð þar af leiðandi miklu meira. Auk þess sem við ákváðum bara að hafa virkilega gaman af þessu og það er að skila sér. Við ætlum svo bara að enda þetta mót með stæl.“ - ari

## Andri þjálfari Hauka: Eigum enn von

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar gátu verið ánægðir með sinn hlut eftir jafntefli, 1-1, gegn Haukum í gær enda voru Haukar oft á tíðum betri í leiknum en náðu ekki að skapa sér næg færi til að klára leikinn. Grindavík náði snemma forystunni en leikur liðsins eftir það var ekki sérstakur.

Auðun Helgason kom Grindavík í 1-0 eftir aukaspjrnur Scotts Ramsey á 11. mínútu en Haukar gáfustu ekki upp og Arnar Gunnlaugsson jafnaði í upphafi síðari hálfleiks eftir góðan sprett hjá Hilmar Geir Eiddssyni.

„Við áttum klárlega meira skilið, við réðum leiknum en vorum ekki nógu duglegir að skapa færi í dag,“ sagði Andri Marteinson, þjálfari Hauka.

„Við vorum seinir í gang en það átti líka við um Grindavík sem mér fannst aldrei komast í gang í leiknum öllum. Við gerðum tvö mistök, önnur kostuðu okkur mark og hitt var mark sem var dæmt af. Það er hins vegar enn von, við spilum upp á stoltið og viljum hafa spennu í öllum leikjum sem eftir eru,“ sagði Andri. - kpt



**1-1**  
Grindavík Haukar  
Grindavíkuvöllur, áhorf.: 902 Magnús Þórisson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	6-10 (2-5)
Varin skot	Óskar 3 - Daði 1
Horn	3-5
Aukaspjrnur fengnar	13-13
Rangstöður	2-2

GRINDAVÍK 4-5-1	HAUKAR 4-4-2
Óskar Pétursson 5	Daði Lárussón 5
Loic Mbang Ondo 6	Grétar Atli Grétarss. 5
Auðunn Helgason 7	Daniel Einarsson 6
Ólafur Örn Bjarnas. 5	Jamie McCunnie 5
Jósef Kristinn Jósefs. 5	Kristján Ómar Björnss. 5
Jóhann Helgason 5	Hilmar Geir Eiddsson 6
Orri Freyr Hjaltalin 6	(87., Alexandre Garcia)
Scott Ramsay 5	Ásgeir Þór Ingólfsson 6
Grétar Ólafur Hjart. 4	Guðjón Pétur Lýðss. 6
(73., Matthías Örn -)	Úlfar Hrafn Pálsson 5
Hafþór Egir Vilhjálm. 4	(82., Garðar Ingvar -)
(59., Ray Anthony 4)	*Arnar Gunnlaugs. 7
Gilles Mbang Ondo 4	Magnús Björgvins. 4
	(69., Hilmar Rafn 5)

\*Maður leiksins

## STÖKKTIU AF STAÐ

NÁMSKEIÐIN HEFJAST 20. SEPT.

Skráðu þig núna á [www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is) eða í síma 414 4000.

### STS super átak FYRIR KONUR

Taktu málin föstum tókum og stökktu af krafti strax af stað í nýjan og betri lífsstíl með STS kerfinu.

**STS kerfið** (Shock Training System) er sérhannað til að æfingarnar framkalli hámarks árangur. Þú færð sífellt að glíma við nýjar æfingar og vöðvarnir fá ekki að aðlagast sömu rútinunni.

**Innifalið:**

- Þjálfun 3x í viku
- Þátttakendur velja sér styrkleikastig
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að „ögra“ líkamanum að komast út úr stöðun, ná eftirbruna og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka-æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur á námskeiðinu
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu - jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og uppskriftir frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á [www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)
- Markvissar leiðbeiningar um mataræði. Byggt upp á sama hátt og vinsælt er hjá Hollywood-stjörnum sem þurfa að koma sér í toppform fyrir rauða dregilinn - við tryggjum að það sé heilsusamlegt og skynsamlegt!
- Mælingar - vigtun og fitumælingar - fyrir og eftir

6-vikna námskeið. Verð 24.900 kr.

10% afsláttur af öllum snyrti-, nudd- og spameðferðum í Blue Lagoon spa á meðan á námskeiði stendur.

### STS HRAÐFERÐ fyrir 16-25 ára

Nýtt spennandi 4-vikna námskeið fyrir ungt fólk. Mótaðu líkama þinn á mettíma!

Einfalt, auðvelt og fljótlegt. Aðeins 40 mín. í senn. Nýjasta tónlistin hvetur þig áfram!

**Innifalið:**

- Lokaðir tímar 2x í viku
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum.
- Aðgangur að útiaðstöðu með pottum og gufuböðum
- Sérhönnuð brennsluæfingakerfi
- Mælingar - vigtun og fitumælingar
- Mataræðið tekið í gegn - fylgt eftir nokkrum einföldum reglum - örugg leið til árangurs

Þú losar þig við aukakiloín og styrkir og mótar vöðva. Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan.

Tímar: kl 16:30-17:15 þriðjudaga og fimmtudaga Kynningarverð 15.900 kr.

**Umsjón:**  
Hrafnhildur Halldórsdóttir ÍAK einkaðjálfari. Hrafnhildur hefur keppt bæði í fitness og móðelfitness og notar reynslu sína til að hjálpa ungu fólki að koma sér í gott form.



Álfheimar 74  
Sími: 414 4000  
[hreyfing@hreyfing.is](http://hreyfing@hreyfing.is)  
[www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)

> Ben Stiller

„Ég hef átt mjög góðan leikferil og er afar þakklátur almenningi fyrir að sýna mér bæði viðurkenningu og þakklæti fyrir verk mín sem leikari.“

**Ben Stiller er vinsæll gamanleikari og fer með aðalhlutverk í gamanmyndinni The Heartbreak Kid sem er sýnd á Stöð 2 bíó kl. 22.00 í kvöld.**



# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR SYNGUR BARNALÖG Á RAUÐU LJÓSI

## Samsteypunamma og útvarp eru eðlileg þróun

Merkilegt hvað Latibær er orðið mikið batterí. Hið nýja Disney corp Íslands mætir ekki lengur bara á hátíðir, það býr til sínar eigin. Það eru ekki lengur tvö litil atriði í stórmörkuðum sem eru fánleg með vörumerkinu, það eru komnar heilar deildir. Ávextir og grænmeti heita ekki lengur sínum réttu nöfnum, heldur er hinu, að því er virðist, sívinsæla viðskeyti Latabæjar bætt í orðin til endurbóta og eru þeir nú kallaðir Latabæjarnamma. Svo er auðvitað líka komið Latabæjarvatn. Eðlilegt? Flestir vita hvar Latibær hófst. Í sjónvarpinu. Tilfæringer yfir á DVD-diska fylgdu svo í kjölfarið, eins og gengur. En það er eitt annað lítið atriði sem ég vissi ekki af fyrr en fyrir stuttu – og það



er Útvarp LATI-BÆR! (lesist glaðlega).

Sumir segja að útvarpsstöðvum sé almennt ábótavant á landsbyggðinni. Þjóðvegur eitt nær meira að segja ekki læsingu á stöð allan tímann. En á höfuðborgarsvæðinu er útvarp Latibær svo sannarlega afar kærkomin viðbót í bílinn, því hún fær ekki spílun annars staðar, ég tek það ekki í mál. Þeir nýliðar í augum og eyrum Íslendinga eins og Solla stirða, Skoppa og Skríttla, Sveppi koma sterkir inn í bland við gamla klassíkera eins og Spilverkið, Ríó tríó og jafnvel Björk. Mér finnst þetta allt saman hið besta mál. Ég stend sjálfa mig stundum að því að gleyma því að skipta eftir að ég hef orðið kona einsömul í bilnum. En þegar ég átta mig á því að ég er að garga með Heyrðu Lobba, á rauðu ljósi, þá skipti ég.

### MÁNUDAGUR

### SJÓNVARPIÐ

- 16.15 Fólk og firnindi - Ó, þú yndislega land (1:4)
- 17.20 Táknafréttir
- 17.30 Út í bláinn (Packat & klart somm-ar)
- 18.00 Sammi (24:52)
- 18.07 Franklín (5:13)
- 18.30 Skúli skelfir (11:52)
- 18.40 Plastkóngurinn – Plastikhringurinn (The Plastic King) (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 19.55 Síðustu forvöð – Eyjafrynan (4:6) (Last Chance to See) Leikarinn góðkunnir Stephen Fry ferðast um víða veröld og skoðar dýrategundir í útrýmingarhaettu.
- 21.00 Óvættir í mannlíki (3:6) (Being Human) Breskur myndaflokkur um þrjár ákaflega mannlegar forynjur, varúlfr, blóðsugu og draug sem búa saman í mannheimum. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.10 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn | Þættinum er fjallað um Íslandsmót karla í fótbolta.
- 23.05 Leitandinn (10:22) (Legend of the Seeker)
- 23.50 Framtíðarleiftur (19:22) (Flash Forward) (e)
- 00.35 Kastljós (e)
- 00.55 Fréttir (e)
- 01.05 Dagskrárlök

### BÍÓ

- 08.00 How to Eat Fried Worms
- 10.00 Dave Chappelle's Block Party
- 12.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum
- 14.00 How to Eat Fried Worms
- 16.00 Dave Chappelle's Block Party
- 18.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum
- 20.00 Showtime
- 22.00 The Heartbreak Kid
- 00.00 Leonard Cohen: I'm Your Man
- 02.00 Tristan + Isolde
- 04.05 The Heartbreak Kid
- 06.00 C.R.A.Z.Y.

### STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Apaskólinn, Krakkrarnir í næsta húsi
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fólu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.15 Eldsnögg með Jóa Fel (2:10)
- 10.50 Cold Case (16:22)
- 11.45 Falcon Crest II (14:22)
- 12.35 Nágarnnar
- 13.00 Frasier (10:24)
- 13.20 Hairspray
- 15.15 ET Weekend
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkrarnir í næsta húsi, Apaskólinn
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágarnnar
- 17.58 The Simpsons (20:22)
- 18.23 Veður Markaðurinn.
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (19:24)
- 19.45 How I Met Your Mother (17:22) (17:22)
- 20.10 Extreme Makeover: Home Edi (1:25) Fimmta þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition.
- 21.30 V (1:12) Vandaðir spennuþættir sem segja á ótrúlega rauverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims.
- 22.15 Torchwood (11:13) Ævintýrlegur spennuþáttur í anda Men in Black og X-Files.
- 23.05 Hard Times at Douglass High Heimildarþáttur frá HBO.
- 01.00 Cougar Town (13:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox.
- 01.25 White Collar
- 02.10 The Shield (1:13)
- 02.55 16 Blocks
- 04.35 Cold Case (16:22)
- 05.20 Fréttir og Ísland í dag

### SPORT

besta sætið

- 07.00 FH - Selfoss Útsending frá leik FH og Selfoss í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
- 13.15 Spænski boltinn. Real Madrid - Osasuna Útsending frá leik Real Madrid og Osasuna í spænska boltanum.
- 15.00 BMW Championship Útsending frá lokadegi BMW Championship mótisins í golfi.
- 18.00 FH - Selfoss Útsending frá leik FH og Selfoss í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
- 19.50 Pepsímörkin 2010 Sýnt frá öllum leikjum Pepsi-deilda karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða að sjálfsgöngu á sínum stað.
- 21.00 Spænsku mörkin 2010-2011 Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilbrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
- 22.00 Meistaradeild Evrópu Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
- 22.30 Players Championship Sýnt frá Players Championship-mótinu í póker.
- 23.25 Pepsímörkin 2010

### SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Birmingham - Liverpool / HD Enska úrvalsdeildin.
- 14.40 Man. City - Blackburn Enska úrvalsdeildin.
- 16.25 Football Legends - Zidane Að þessu sinni verður fjallað um Zidane, fyrrverandi leikmann Real Madrid, Juventus og franska landsliðsins.
- 16.55 Sunnudagsmessa Sunnudagsmessa með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.
- 17.55 Premier League Review 2010/11 Fluttur þáttur um ensku úrvalsdeildina.
- 18.50 Stoke - Aston Villa / HD Bein útsending frá leik Stoke og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Premier League Review 2010/11 Fluttur þáttur um ensku úrvalsdeildina.
- 22.00 Enska mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.30 Stoke - Aston Villa / HD Enska úrvalsdeildin.

### SKJÁR EINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Rachael Ray (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 16.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 17.30 Dr. Phil Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frá-bærar sögur og gefur góð ráð.
- 18.15 Top Chef (15:17) (e)
- 19.00 Real Housewives of Orange County (10:15) Raunveruleikasæra þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í einu ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna.
- 19.45 King of Queens (14:25) (e)
- 20.10 Kitchen Nightmares (7:13) Kjafffori kokkurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa blaðinu við.
- 21.00 Friday Night Lights (2:13) Dramatísk þáttaröð um ungmanni í smábæ í Texas þar sem lífið snýst um fótboltaíð skólans. T
- 21.50 CSI: New York (6:23) Bandarísk sakamála-sería um Mac Taylor og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Yfirmaður tölvufyrirtækis blæðir út og rannsóknardeildin rekur slóðina í matarveislu þar sem gestirnir nota mat á óhefðbundinn hátt.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.25 The Cleaner (13:13) (e)
- 00.10 In Plain Sight (12:15) (e)
- 00.55 Leverage (12:15) (e)
- 01.40 Pepsi MAX tónlist



- 20.00 Eldhús meistaranna
- 20.30 Golf fyrir alla
- 21.00 Frumkvöðlar
- 21.30 Eldum íslenskt

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.



Dagskrá allan sólarhringinn.

VERTIKAL/214

## Fitulítill og próteínrík...

... og passar með öllu



www.ms.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.35

V
Vandaðir spennuþættir sem segja á ótrúlega raunverulegan hátt frá því þegar nokkur risavaxin geimskip taka sér stöðu yfir stærstu borgum heims. Með undraskjótum hætti gripur um sig mikið geimveruæði þar sem áhugi fyrir þessum nýju gestum jaðrar við dýrkun. En til eru þeir sem ekki eru eins sannfærðir og grunar að gestirnir séu í raun úlfar í sauðargæru. Þættirnir koma úr smíðju höfunda Lost.



VIÐ MÆLUM MEÐ

Extreme Makeover: Home Edition
Stöð 2 kl. 20.10

Fimmta þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni. Það er ótrúlegt að sjá breytingarnar enda er nýja húsnæðið hannað sérstaklega fyrir fjölskylduna sem þar mun búa.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

Table with radio frequencies and program names. Columns include time, program name, and frequency.

EXTRA

- 19.30 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
20.15 E.R. (15:22) Síðgildir þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Monk (12:16) Áttunda þáttaröðin um einkaspæjarann og sérvitringinn Adrian Monk.
22.35 Lie to Me (14:22) Önnur spennuþáttaröðin um Dr. Cal Lightman sem Tim Roth leikur og er sérfræðingur í lygum. Hann og félagar hans í Lightman-hópnum vinna með lögreglunni við að yfirheyra grunaða glæpamenn og koma upp um lygar þeirra með ótrúlega nákvæmum vísindum sem snúa að mannlegri hegðun.
23.20 The Tudors (8:8) Þriðja þáttaröðin sem segir áhrifamikla og spennandi sögu einhvers alræmdasta og nafntogaðasta konungs sögunnar, Hinriks áttunda.
00.15 E.R. (15:22)
01.00 The Doctors
01.40 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjornur eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaá-hugamenn.
02.05 Fréttir Stöðvar 2
02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

- 12.05 After You've Gone 12.35 After You've Gone
13.05 The Green, Green Grass 13.35 The Green, Green Grass
14.05 Fawcety Towers 14.35 Fawcety Towers
15.05 Waterloo Road 15.55 The Weakest Link
16.40 Monarch of the Glen 17.30 After You've Gone
18.00 QI 18.30 Whose Line Is It Anyway?
19.00 Rob Brydon's Annually Retentive
19.30 Unforgiven 20.15 Jonathan Creek
21.05 Come Dine With Me
21.30 The Jonathan Ross Show
22.25 EastEnders 22.45 Torchwood
23.40 Unforgiven

DR 1

- 12.30 Danmark ser grønt 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Hjerteflimmer Classic 14.30 Juniper Lee 14.50 Alfred 15.00 Emil fra Lønneberg 15.30 Stor & Lille 15.40 Peddersen og Findus 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Jamie Olivers eget køkken 18.00 Lulu og Leon 18.45 Det søde liv 19.00 TV Avisen 19.25 Horison 19.50 SportNyt 20.00 Miss Marple. Hvorfor spurgte de ikke Evans? 21.35 OBS 21.40 Kysset af spritten 22.10 Naruto Uncut 22.35 Boogie Mix 23.25 Godnat

NRK 1

- 12.30 Doktor Åsa 13.00 NRK nyheter 13.10 Med hjertet på rette staden 14.00 Derrick 15.00 NRK nyheter 15.10 Beruflsens fargerike 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Førkveld 16.40 Distriktsnyheter 17.45 Puls 18.15 Takk for sist: Ketil Bjørnstad og Lill Lindfors 18.55 Distriktsnyheter 19.30 Saltön - varmebølge og aprilvær 20.30 Med spriten som lølgesvern 21.00 Kveldsnytt 21.15 Krøniken 22.20 Nytt på nytt 22.50 Pakket og klart 23.20 Sport Jukeboks

SVT 1

- 12.15 Den ofrivillige golfaren 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Flyttieber 15.25 Där ingen skulle tro att någon kunde bo 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktom 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Golfar med djur 19.00 Blekingegadebandet 19.45 Hemliga svenska rum 20.00 I Anneli 20.30 Passion Fish 22.45 Här är ditt liv, Cory



skemmtilegri

ERU ÞIÐ VIÐBÚIN?

Þau segjast koma í friði. En til eru þeir sem telja sig vita betur. Hver hefur rétt fyrir sér? Misstu ekki af þessum æsispennandi og vel gerðu þáttum frá höfundum Lost – á mánudagskvöldum í vetur.

V HEFST Í KVÖLD KL. 20:55

Fyrir 229 krónur færð þú:

- TERTUSNEIÐ Í BAKARIÍ
6 MÍNÚTUR Í KEILU
EINN BARNAÍS
VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU
FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bío og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!



Vanalega fæ ég mér Kelloggs Special K en um helgar eða til hátíðabrigða finnst mér æðlislegt að fá mér kókópöffs eða amerískar pönnukökur.

Hallfríður Þóra Tryggvadóttir leikkona, sem stígur sín fyrstu skref í myndinni Sumarlandið.

# Skólahreysti vettvangur nýrrar bíómyndar

Unglingakeppnin Skólahreysti, þar sem grunn-skólnemar landsins keppa í allskyns íþróttaprautum, verður miðpunktur nýrrar íslenskra unglingamyndar sem framleiðslufyrirtækið Saga Film hyggst gera. Ragnar Agnarsson hefur verið ráðinn leikstjóri myndarinnar en Margrét Örnólfsdóttir hefur skilað inn fyrsta uppkastinu að handriti. Ragnar segir þetta ákaflega spennandi verkefni, vinnuheitid sé Steinn, sem er í höfuðid á aðalpersónunni. „Fyrsta uppkastið er alveg gríðarlega flott, þetta er unglingadrama og eins langt frá Ódáðahrauni og hugsast getur," segir Ragnar en hann vinnur einmitt að kvikmynd upp úr samnefndri bók Stefáns Mána. „Þegar maður er að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð þá er gott að prófa nokkrar tegundir af kvikmyndum og mér líst alveg rosalega vel á þetta.“

Margrét Örnólfsdóttir viðurkennir að hún hafi horft á þættina í sjónvarpi með öðru auganu. „En eftir að ég byrjaði á þessu verkefni hef ég kynnt mér þetta talsvert," segir Margrét en myndin fjallar um ungan dreng sem fer hressilega út af sporinu heima fyrir og er sendur í hálfgerða útleð úti á landi til að kynnst sjálfum sér upp á nýtt. Þar kemst hann í kynni við hóp sem er sendur í Skólahreysti. Margrét er ekki alveg reiðubúin til að kvitta upp á að þetta sé íslenska útgáfan af Karate-Kid. „Ég hef aðeins rætt við aðstandendur Skólahreysti og þeir hafa sagt mér að þetta sé ekkert óalengt, að krakkar sem finna sig ekki alveg í hefðbundnu skólastarfi blómstri í Skólahreysti.“



VINSÆLT Margrét Örnólfsdóttir segir það ekkert óalengt að krakkar sem njóta sín ekki í hefðbundnu skólastarfi blómstri í Skólahreysti. Keppni grunn-skól barna verður miðpunkturinn í nýrri unglingamynd sem Saga Film framleiðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. eiga, 6. í röð, 8. meðal, 9. hljóma, 11. tveir eins, 12. lyf, 14. vörubyrðir, 16. belti, 17. kk nafn, 18. kvabb, 20. klaki, 21. nabbí.

LÓÐRÉTT

1. botnfall, 3. bor, 4. ölvun, 5. máttur, 7. hvellur, 10. skel, 13. síða, 15. tröll, 16. rjúka, 19. tveir eins.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. gróm, 3. al, 4. fylill, 5. rísi, 16. ósa, 19. öð. LÁRÉTT: 2. háta, 6. rs, 8. lyf, 9. óma, 11. ll, 12. meðal, 14. lagar, 16. ól, 17. arí, 18. súð, 20. ís, 21. arða.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 10

- 1 Endurskinsvesti.
- 2 Nýyrði og nýyrðasmíðar.
- 3 Erlendur Sveinsson rannsóknarlögreglumaður.

**DUROL BURSTAMOTTAN**

**5** ára ábyrgð

- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum

**BURSTAGERÐIN**  
ISLENSKUR IÐNABUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.  
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

Hringdu í síma  
**5125060**  
ef blaðið berst ekki

EGILL EINARSSON: ÞETTA ER LANGÞRÁÐUR DRAUMUR HJÁ MÉR

## Gillz seilst til áhrifa innan Rithöfundasambandsins

„Mér finnst í raun fátíðlegt að það hafi ekki þegar verið hringt í mig og mér boðið í sambandi, að það hafi ekki verið bjallað í „gjemla“,“ segir Egill „Gillzenegger“ Einarsson rithöfundur sem á föstudaginn sótti formlega um aðild að Rithöfundasambandi Íslands. Eins og kunnugt er hefur Egill gefið út tvær bækur á undanförunum árum og sú þriðja kemur út fyrir næstu júl. Bækurnar hafa fengið mjög góðar viðtökur og því þykir Agli tímabært að hann gangi í Rithöfundasambandið.

„Ég var að renna yfir listann yfir meðlimina í klúbbum á heimasíðunni og ég fæ ekki betur séð en ég sé búinn að selja meira en 99 prósent af þessum pappakössum. Jú, jú, það eru flottir gæjar þarna inni á milli eins og Einar Kára sem spilar fótbolta en svo eru þarna pappakassar eins og Sjón. Hvað er hann, tíu kíló? Það er nú ekki beint góð landkynning að sjá þessa horreglu skottast um erlendis í okkar nafni. Ég held ég bjóðist bara hér með til að kjóta Sjón upp, ekki veitir af,“ segir Egill.

Egill telur öruggt að honum verði vel tekið í Rithöfundasambandinu, þar muni hann passa vel inn. „Það er reyndar einhver nefnd sem þarf að samþykkja umsóknina. Ég geri ráð fyrir að það verði boðað til fundar strax og ég fái svar innan sól- arhrings.“

Rithöfundurinn segir það lengi hafa verið draum og markmið hjá sér að ganga í Rithöfundasambandið, alveg frá því hann var 65 kílóa Egill Einarsson í Kópavogi. „Og þannig er það enn. Þegar ég er að taka 160 kíló í bekknum þá nota ég það sem hvatningu að vera að fara að ganga í Rithöfundasambandið. Mig langar að komast til áhrifa þarna og rífa þetta batterið upp. Mér fannst reyndar leiðinlegt að sjá að Pétur Gunnars væri hættur sem formaður og einhver Kristín tekin við. Ég hafði hlakkað til að tylla



LANGÞRÁÐ STUND Egill Einarsson, eða Gillz eins og hann kallar sig oft, sést hér afhenda Ragneiði Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra Rithöfundasambandsins, umsókn um aðild að sambandinu. Hann á von á því að verða tekinn inn í sambandið innan sólárhrings. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

mér niður á skrifstofu formannsins með Pétri með prótinsjeik í hönd og ræða um Halldór [Laxness]. Við erum báðir hrfnir af honum.“

Á næstunni kemur út þriðja bók Egils, bók sem hann er sannfærður um að festi hann í sessi sem einn af vinsælustu rithöfundum þjóðarinnar. Titill bókarinnar er

Lífsleikni Gillz og tilheyrir hún ritröðinni Íslensk öndvegisrit Gillz. „Hún er skyld fyrri bókum, ég er að hjálpa mönnum að verða betri menn. Það hafa allir drullað á sig einhvern tímann og ég kem með vinsamlegar ábendingar til að menn geti bætt sig. Til þess eru vátin að varast þau.“

hdm@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Sjónvarpsmaðurinn **Sölvi Tryggvason** hefur sagt skilið við Fésbókina. Þetta þykja ekki lítil tíðindi þar eð Sölvi var yfirleitt manna æstastur að tjá sig á þeim samskiptamiðli. Eins og fram hefur komið hefur athafnakonan Jónína Benediktsdóttir nýlega ákveðið að taka sér pásu frá Fésbókarnotkun sinni. Ekki liggur fyrir af hverju þau ákváðu að segja skilið við þennan vinsælasta samskiptavef heims en leiða má að því líkur að nú fari í hönd mikil vinnutörn við ævisögu Jónínu sem Sölvi skrifar og kemur út fyrir jólín.

Skemmtanlíf vetrarins fer af stað með nokkrum látum um næstu helgi þegar afmælishátíð Aðdáendaklúbbs **Elvis Presley** á Íslandi verður haldin í Reiðhöllinni í Víðidal. Jósef Ólafsson, frægasta Elvis-eftirherma landsins, er í forsvari fyrir skemmtuninni á laugardagskvöld og verður húsíð opnað klukkan 22. Jósef er greinilega í mun að fólk skemmti sér vel og verði í góðu skapi. Tekið er fram í auglýsingu að fólk megi taka með sér áfengi eða bjór... eða bæði.

Havariði í kringum klámbrandara **Jóns Gnarr** í síðustu viku varð lesanda blaðsins tilefni til að rífa upp að þetta er ekki í fyrsta sinn sem deilur spretta upp í kringum Jón og meinta ósmekklegra brandara. Fyrir rétt tæpum sjö árum flutti hann útvarpsleikritið Óla litla á útvarpsstöðinni Muzik en það fór fyrir brjóstið á Ómari R. Valdimarsyni, þá „ungum jafnaðarmanni“ eins og Jón kallar hann en núverandi blaðamanni, sem skrifaði grein á Pólitik.is og kvartaði til Ríkislögreglustjóra meðal annars. Jón svaraði með grein í Morgunblaðinu sem finna má í gagnasafni þess en grein Ómars er horfin af vefnum.

- áp, hdm

## Óútgefin bók Jónínu seld til Þýskalands

Þýska forlagið Kiepenheuer und Witsch hefur fest kaup á óútgefinni bók Jónínu Leósdóttur. Bókin kemur út í nóvember hér á landi en Þjóðverjarnir hrifust svo af handritinu að þeir ákváðu að eigna sér það strax. Jónína hefur undanfarnir þrjú ár gefið út unglingabækur en að þessu sinni fikrar hún sig upp aldurstigann. Sagan Allt fint... en þú? segir frá því þegar höfuð fjölskyldunnar, pabbinn og afinn, missir eigin konuna sína. Tveimur mánuðum eftir andlátinu dúkkar hann upp með nýja unnustu, mun yngri. Og dætur hans tvær þurfa því bæði að takast á við sorgina og nýju kærustuna hans pabba.

Jónína er auðvitað nýkomín heim frá Færeyjum þar sem hún var ásamt eiginkonu sinni, Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í opinberri heimsókn. Heimsóknin vakti nokkuð mikla athygli vegna ummæla þingmannsins Jenis av Rana sem neitaði að sitja til borðs með þeim. Jónína sjálf hefur hins vegar ekkert nema gott um Færeyjar og Færeyinga að segja. „Þetta er alveg rosalega falleg eyja og Færeyingar eru alveg yndislegt fólk enda frændur okkar,“ segir Jónína sem, eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir helgi, tók við færeysku útgáfunni af norræna smásagnasafninu Elskar mig, elskar mig ekki.

ekki en hún á einmitt titilsöguna. Jónína segir síðan stefnt að því að kynna hana á bókamessu í Gautaborg á næstunni. Jónína kveðst ekki hafa þurft að setja sig í einhverjar sérstakar stellingar þegar hún skipti úr unglingabókum yfir í sögur af fullorðnum. „Ég hef bara alltaf haft mjög mikinn áhuga á mannlegum samskiptum, allt sem ég skrifa um fjallar um mannleg samskipti,“ segir Jónína. - fgg

MEÐ FÆREYSKU ÚTGÁFUNA Jónína Leósdóttir með færeysku útgáfuna af norræna smásagnasafninu Elskar mig, elskar mig ekki. Hún segir Færeyinga yndislegt fólk.



# CROSSFIT SPORTHÚSINU

## NÆSTU GRUNNNÁMSKEIÐ

**15. OG 16. SEPTEMBER - 4 VIKUR - VERÐ 17.500,-**

>> ÞRI. FIM. OG FÖS. KL. 6:00, 12:00 OG 17:30 - MÁN. MIÐ. FÖS. KL. 8:30

**29. SEPTEMBER - 4 VIKUR - VERÐ 17.500,-**

>> MÁN. MIÐ. FÖS. KL. 7:00, 9:30, 14:00, 18:30

## UNGLINGANÁMSKEIÐ, 8.-10. BEKKUR

**17. SEPTEMBER - 4 VIKUR - VERÐ 12.000,-**

>> MÁN. MIÐ. FÖS. KL. 16:30

## GRUNNNÁMSKEIÐ HJÁ CROSSFIT SPORTHÚSINU INNIFELUR

- >> KERFISBUNDNA KENNSLU Í CROSSFIT OG RÉTTRI LÍKAMSBEITINGU
- >> 3-4 ÆFINGAR Á VIKU, AUK HOTOÇA OG FÓTBOLTA
- >> SJÚKRAPJÁLFARI LEGGUR MAT Á LÍKAMSBEITINGU ALLRA ÞÁTTTAKENDA
- >> VEL MENNTAÐIR ÞJÁLFARAR MEÐ ÁRATUGA REYNSLU AF ÞJÁLFUN
- >> AÐGANGUR AÐ SPORTHÚSINU INNIFALINN
- >> SKRÁNING Í SÍMA 564 4050 EÐA Á GUNNHILDUR@SPORTHUSID.IS
- >> NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.CROSSFITSPORT.IS



TILGANGUR OKKAR ER AÐ EFLA HEILSU OG ATGERVERI FÓLKS TIL FRAMBÚÐAR MEÐ ÖRUGGRI OG FAGLEGRÍ ÞJÁLFUN, SEM FRAM FER Í HEILBRIGÐU OG UPPBYGGILEGU UMHVERFI.



**CrossFit**  
Sporthúsinu

Dalsmára 9-11, Kópavogi

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Í norskt sjónvarp

Leikmyndahönnuðurinn **Karl Júlíusson** hefur tekið að sér að hanna leikmynd fyrir norska sjónvarpsþáttaröð sem heitir Dag. Karl átti að hanna leikmynd fyrir Hollywood-kvikmyndina Waterbug með Josh Brolin í aðalhlutverki en hætt var við hana vegna ágreinings um fjármögnun. Íslenskir



áhorfendur mega eiga von á að sjá umrædda þætti enda hafa norskar dramaseríur á borð við Hvaleyjar notið mikilla vinsælda.

### Forstjórinn til bjargar

**Marel Baldvinsson**, hinn stóri og stæðilegi leikmaður Stjörnnunnar í Garðabæ, lenti í harkalegu samstuði við Guðmund Stein Hafsteinson í leiknum við Val á Hlíðarenda í gær og lá óvígur eftir á vellinum. Svo vel vildi til að í áhorfendahópnum var Valsmaðurinn **Björn Zoëga**, læknir og forstjóri Landspítalans, sem vippaði sér niður á hliðarlínu þegar hann sá hvernig í málum lá og bauð fram aðstoð sína. Hún var þegin með þökkum og eftir að Björn hafði hlúð að Marel ásamt læknaði Stjörnnunnar dágóða stund stóð hinn særði loks á fætur með blóðrautt höfuðið pakkað inn í umbúðir og staulaðist út af undir lófataki allra viðstaddra. - fgg / - sh



### Mest lesið **vísir.is**

- 1 „Ótrúlegt örlæti.“ Bauðst til að borga skemmdirnar
- 2 Vilja ekki að einkavæðing bankanna verði rannsókuð
- 3 Líkt og menn hafi borað niður á kókaínæð
- 4 Lýst eftir 15 ára stúlku
- 5 Geir Haarde: Mér var vísvitandi sagt ósatt
- 6 Sandi dælt upp úr Landeyjahöfn

Fréttablaðið er með **201%** meiri lestur en Morgunblaðið.

74,9%



24,9%



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.

**40% AFSLÁTTUR!**  
**AMELIA FIRM**  
**KING KOIL HEILSURÚM**  
(Queen Size 153x203)  
Fullt verð 159.451 kr.  
**NÚ 95.671 kr.**

RISA

UTSALA

LÝKUR Á LAUGARDAG!

30-70% AFSLÁTTUR!

HEILSUKODDAR  
**30% AFSLÁTTUR**  
Verð nú frá **5.915 kr.**

**40% AFSLÁTTUR!**  
**CORSICA PLUSH**  
**KING KOIL HEILSURÚM**  
(Queen Size 153x203)  
Fullt verð 249.636 kr.  
**NÚ 149.782 kr.**  
= 99.854 kr. AFSLÁTTUR!

SÆNGURFÖT  
**30% AFSLÁTTUR**  
Verð nú frá **4.130 kr.**

**30% AFSLÁTTUR!**

**ERGOMOTION**  
með þrýstijöfnunardýnum (2x80x203)  
**FRÁ 473.503 kr.**

- Fánleg með öflugum nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímaröfa.
- 20 ára ábyrgð á mótur og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarps-sendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðu. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistíninguna. Stadan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóbak og axlar.
- 4 gerðir af dýnum með mismunandi uppbyggingu. Þrýstijöfnunardýnur, Latextójnur o.s.frv.
- 400 línan er með öflugum nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímaröfa.

**rekkjan**

HEILSURÚM